


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Spjald- og fartölvur




## Frumlegur ferðamáti

*Gary Taylor ætlar akandi á hertrukk frá Reykjavík til Afríku með 15 manns.*

FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
8. ágúst 2012
184. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Frumflytja tónverk

*TKÍ heldur fyrsta norræna kóramót Norbusang fyrir 16 til 25 ára kórmeðlimi.*

**tímamót** 16

## Graffa fyrir fyrirtæki

*Hópur ungra listamanna málar veggi og skilti.*

**popp** 30



## Hvað gera strákarnir?

*Ísland mætir Ungverjum í átta liða úrslitum á ÓL.*

**sport** 26

# Útgjöld ríkisins aukast árið 2013 í fyrsta sinn frá hruni

**Almenn krafa verður um eins prósents aðhald í fjárlögum næsta árs. Útgjöld verða uppfærð um 3,5 prósent miðað við verðlag. Tekjur ríkisins á fyrri helmingi ársins 2012 voru umfram áætlun og gjöld undir áætlun.**

**RÍKISFJÁRMÁL** Fjárlagafrumvarpið 2013 gerir ráð fyrir almennri aðhaldskröfu um eitt prósent. Þegar tekið er tillit til þess að útgjöld verða uppfærð um 3,5 prósent miðað við verðlag er staðreyndin sú að útgjöld ríkisins aukast í fyrsta skipti frá hruni.

Vinna við fjárlagafrumvarpið er langt komin, en það verður fyrsta mál á Alþingi sem kemur saman 15. september. Er það nokkru fyrr en áður, en Alþingi hefur hingað til komið saman í október.

Ríkisstjórnin mun auka útgjöld til vaxta- og barnabóta og til Fæðingarorlofssjóðs. Þá verður farið í uppstokkun á því kerfi í samræmi við áður fram komnar tillögur um húsnæðis- og fjölskyldubætur í stað vaxta- og barnabóta. Gert er ráð fyrir að útgjöld ríkisins vegna þessa aukist um fjóra til fimm milljarða króna.

Ekki verður gerð sama aðhaldskrafa þvert yfir stjórnkerfið, heldur verður lægri krafa á ýmsa pósta í velferðarkerfinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er hæpið að lagt yrði fram fjárlagafrumvarp sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Norðurlandaþjóðirnar og fleiri alþjóðaaðilar myndu setja sig upp á móti. Ljóst sé að þeir séu sáttir við áætlanir ríkisstjórnarinnar.

Björn Valur Gíslason, varaformaður fjárlaganefndar, segir að eðlilegt sé að gera kröfu um eins prósents aðhald. Danir séu til dæmis með fasta kröfu um eins til tveggja prósenta aðhald í venjulegu árferði, en það eigi að hamla gegn stjórnlausum útgjöldum og rýma til fyrir verkefnum.

> Breytir þar engu þótt Framsóknarflokkar allra landa hamist á því að hér sé allt að fara til fjandans.
>
> **BJÖRN VALUR GÍSLASON**
> VARAFORMAÐUR FJÁRLAGANEFNDAR ALÞINGIS

Hann segir nauðsynlegt að fjárlagafrumvarpið sé trúverðugt. Neikvæð gagnrýni utan frá gæti orðið til þess að alþjóðasamfélagið missi trúna á því að Ísland geti staðið við þá efnahagsáætlun sem lagt var af stað með í kjölfar hrunsins.

„Fjárlagafrumvarp upp á eins prósents aðhald er því í raun viðurkenning alþjóðasamfélagsins á því að okkur hafi tekist það ætlunarverk okkar að ná tökum á ríkisfjármálum og gera þau sjálfbær. Breytir þar engu þótt Framsóknarflokkar allra landa hamist á því að hér sé allt að fara til fjandans."

Tekjur ríkisins á fyrri hluta ársins 2012 eru meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og gjöld lægri. Skilar það sér í 30 milljarða betri útkomu á tekjujöfnuði en áætlað var. Hann er þó enn neikvæður um 16,6 milljarða. **- kóp / sjá síðu 6**



**BÆTTI SIG UM 1,4 METRA** Ásdís Hjálmsdóttir náði frábæru fyrsta kasti og Íslandsmet hennar frá 16. maí 2009 heyrði sögunni til nokkrum sekúndum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir flaug inn í úrslitin á Ólympíuleikunum í gær:

# Lætin í kringum Bolt hjálpuðu

**ÓL 2012** Ásdís Hjálmsdóttir tryggði sér í gær sæti í úrslitum spjótkastskeppni kvenna á Ólympíuleikunum og þurfti bara eitt kast í undankeppninni til að fljúga inn í úrslitin.

Ásdís setti nýtt og glæsilegt Íslandsmet þegar hún kastaði spjótinu 62,77 metra og stórbætti þriggja ára gamalt met sitt. Ásdís þurfti ekki nema eina tilraun þar sem öll köst yfir 62 metrum gáfu sæti í úrslitunum og gat því yfirgefið leikvanginn áður en keppni lauk.

„Draumurinn er orðinn að veruleika. Ég komst í úrslit á Ólympíuleikum en ég er hvergi nærri södd. Ég er ekki búin," sagði Ásdís sem er fjórða íslenska frjálsíþróttakonan sem kemst í lokaúrslit Ólympíuleika í sinni grein en úrslitin ráðast á morgun.

Usain Bolt var að keppa á sama tíma og Ásdís og áttatíu þúsund áhorfendur sem voru á leikvanginum tóku vel við sér þegar Jamaíkumaðurinn var kynntur til leiks. „Þetta voru mikil læti og ég notfærði mér það," sagði Ásdís. **- esá, óój**

**sjá Íþróttir síðu 26**

Sigurvegarar mýrarboltans:

# Fór fyrir liðinu í hjólastólnum

**FÓLK** Hin tuttugu og tveggja ára gamla Arna Sigríður Albertsdóttir leiddi liðið Team Hasselhoff til sigurs í kvennadeild mýrarboltans á Ísafirði um helgina.

Arna er bundin við hjólastól eftir að hún lenti í slæmu skíðaslysi í Noregi árið 2006 og gat því ekki tekið beinan þátt í baráttunni í leðjunni en lét þó ekki sitt eftir liggja á hliðarlínunni og hvatti sínar stelpur til dáða.

„Stemningin í liðinu okkar er svo rosalega góð að það er þvílíkt skemmtilegt hjá okkur utan vallar líka," segir Arna Sigríður sem fylgdist með keppninni úr sérsmíðuðum strandvarðarstól, íklædd búningi liðsins sem samanstendur meðal annars af Baywatch-sundbol og jakka. **- trs / sjá síðu 30**

## veðrið í dag




**STÍF SUÐVESTANÁTT** NV-til, annars víða 5-13 m/s. Skýjað og rigning vestan til á landinu en bjart eystra. Hiti 10-20 stig, mildast norðaustanlands.

**VEÐUR** 4










## SPURNING DAGSINS



*Guðný, fer þetta ekki að eldast af ykkur?*

„Nei, þessi kækur er kominn til að vera.“

Guðný Þóra Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Tónlistarhátíðar unga fólksins sem hefst í fimmta sinn í dag.

Leit í nágrenni Óslóar hefur engan árangur borið þrátt fyrir fjölda sjálfboðaliða:

# Norska stúlkan enn ófundin

**NOREGUR** Norska stúlkan, Sigrid Giskegjerde Schjetne, sem leitað hefur verið að í Ósló síðan á aðfaranótt sunnudags er enn ófundin.

Í gær hélt norska lögreglan blaðamannafund og lýsti því yfir að nú væri litið á hvarf Sigrid sem sakamál. Á fundinum var einnig lýst eftir tveimur drengjum og manni sem sást í bíl við leikskóla sem hundar röktu spor stúlkunnar að. Drengirnir hafa gefið sig fram en bílsins og bílstjórans er enn leitað.

Hátt í 700 sjálfboðaliðar leituðu að Sigrid í gær. Einnig var leitað úr þyrlum án árangurs en engin ný ummerki hafa fundist sem talin eru tengjast málinu. Búist er við fleiri leitarhópum í dag. Enn er vonast til að stúlkan sé á lífi.

Sigrid, sem er sextán ára, hvarf um miðnætti á laugardagskvöldið þegar hún rölti heim til sín frá vinkonu sinni. Spor stúlkunnar voru rakin að leikskóla í grennd við heimili stúlkunnar, en þar fundust skórnir hennar, sokkar og farsími.

Talið er líklegt að hún hafi verið numin á brott í bíl, þar sem spor hennar enda snögglega við leikskólann. Leitin stendur enn yfir. - ktg



**SIGRID GISKEGJERDE SCHJETNE** Stúlkan er 16 ára og býr í úthverfi Óslóar. Hún er um 170 sentimetra há, skolhærð og með blá augu. Hennar er enn saknað.

Ekki flogið til Köben í vetur:

## Wow dregur saman seglin

**SAMGÖNGUR** Wow Air mun ekki fljúga frá Keflavík til Kaupmannahafnar eftir miðjan næsta mánuð. Þá verður ferðum til Lundúna fækkað og flogið á Gatwick-flugvöll en ekki Stansted-flugvöll líkt og hingað til.

Ástæða þess að Wow Air dregur saman seglin í lok sumars er að mikill samdráttur á sér stað í ferðaþjónustunni á Íslandi á veturna. Baldur Oddur Baldursson, framkvæmdastjóri flugfélagsins, segir ekki markað fyrir fleiri flugferðir en lagt er upp með. - bþh



**MITTISDJÚPT** Flóðin eru sums staðar axladjúp en um helmingur höfuðborgarinnar er umflotinn mittisdjúpu vatni. NORDICPHOTOS/AFP

Flóð á Filippseyjum aukast:

## Níu látnir í flóðum í Maníla

**FILIPSEYJAR, AP** Helmingur Maníla, höfuðborgar Filippseyja, er umflotinn vatni vegna vægðarlausra rigninga undanfarna daga. Níu manns létust í aurskriðu vegna flóðanna og björgunarlið á erfitt með að ná til tugþúsunda íbúa sem þurfa nauðsynlega á hjálp að halda.

Þetta eru aðrar náttúruhamfarirnar sem Filippseyingar þurfa að þola á síðustu vikum því stutt er síðan fellibylurinn Saola gekk yfir höfuðborgina og héruð norður af henni í nokkra daga í síðustu viku. Fellibylurinn kostaði 53 manns lífið hið minnsta.

Íbúar hafast nú við í neyðarskýlum því jarðvegurinn er gegnsósa og aurskriður eru yfirvofandi hvarvetna. - bþh

Hætta við ferðir í vetur:

## Iceland Express ekki til Berlínar

**SAMGÖNGUR** Iceland Express mun ekki fljúga til Berlínar allan ársins hring eins og auglýst hefur verið. Flugfélagið hefur verið í markaðsátaki í Þýskalandi í sumar en mun þó ekki fljúga til Berlínar í vetur. Flogið verður fram í október en ekkert þar til næsta vor.

Heimir Már Pétursson, upplýsingafulltrúi Iceland Express, sagði í samtali við Túristi.is að markaðurinn fyrir fluginu væri ekki til staðar. - bþh

# Kaupfélagið sem má ekki heita Kaupfélag

**Verslun var opnuð í síðustu viku í húsi Kaupfélags Bitrufjarðar á Óspakseyri. Kaupmennirnir vildu kalla verslunina Kaupfélag en fengu ekki. Það nafn á sér þó samastað í tungutaki heimamanna. Svæðið var verslunarlaust í átta ár.**

**MANNLÍF** „Það var bara hálfgerð sveitaballastemning við opnunina,“ segir Andrea Vigfúsdóttir en hún opnaði ásamt eiginmanni sínum, Jóni Eysteini Bjarnasyni, verslun á Óspakseyri við Bitrufjörð í síðustu viku.

Hún ber heitið Kjörbúðin og er í húsi Kaupfélags Bitrufjarðar sem lokað var árið 2004 og hefur síðan þá engin verslun verið á svæðinu. „Það hefur því verið langt að fara fyrir fólk að versla,“ segir Andrea og bætir við að rúmir fimmtíu kílómetrar séu til Hólmavíkur en margir á svæðinu kjósi að fara um hundrað kílómetra leið til að kaupa inn í Borgarnesi.

Fyrir tveimur árum var lagður vegur um Arnkötludal og Gautsdal, svokallaðir Þröskuldar, sem styttir leiðina umtalsvert frá Vesturlandi og til Stranda en sá vegur sker einnig Bitrufjörð úr leið. Þetta er þó engin fyrirstaða í átaki um verslunarfólksins en Andrea segir að fyrst um sinn hafi dregið nokkuð úr umferð við Bitrufjörð en hún sé þó með mesta móti nú í sumar.

En fleira gengur verslunarmönnunum til því kjörbúðin mun væntanlega hafa nokkuð félagslegt gildi. „Hér er enginn skóli, félagsheimili eða annar vettvangur þar sem fólk hittist þannig að nú getur það komið hingað og tekið púlsinn á mannlífinu,“ segi hún. Í versluninni er einnig upplýsingamiðstöð og segja má menningasetur því þar verða myndlistarsýningar, tónleikar og aðrar menningarlegar uppákomur. Einnig er hægt að fara þar á veraldarvefinn.



**VIÐ OPNUN KJÖRBÚÐARINNAR** Það var hálfgerð sveitaballastemning við opnun Kjörbúðarinnar enda hefur verið verslunarlaust á svæðinu í átta ár. MYND/KARÍTAS FRIÐRIKSDÓTTIR

> Hér er enginn skóli, félagsheimili eða annar vettvangur þar sem fólk hittist þannig að nú getur það komið hingað og tekið púlsinn á mannlífinu.
>
> **ANDREA VIGFÚSDÓTTIR** KAUPMAÐUR Á ÓSPAKSEYRI

Hún segir að fólk hafi komið víða að til að vera viðstatt opnunina og að margir hafi orðið glaðir yfir að sjá líf glæðast í þessu sögufræga húsi. „Það töluðu margir um það að kaupfélagið væri að opna aftur. Við ætluðum reyndar að láta búðina heita Kaupfélag Bitrufjarðar en það má víst ekki samkvæmt nýjum reglum nema ef verslunin er rekin eins og kaupfélag en það breytir því ekki að heimamenn kalla þetta kaupfélagið í daglegu tali.“

Það fer vel á því að verslunarsaga Bitrufjarðar taki kipp á þessu ári en í ár eru einmitt liðin hundrað ár frá því að verslun var þar opnuð í fyrsta sinn. Það var Metúsalem Jóhannsson sem þá reið á vaðið en samkvæmt umfjöllun fréttavefsins Strandir.is varð fram að þeim tíma að leggja inn pöntun hjá Dalafélaginu sem hafði umsvif víðar en í Dalasýslu.

jse@frettabladid.is

Hálslón náð yfirfallshæð:

## Fossinn Hverfandi birtist á ný

**NÁTTÚRA Hálslón hefur náð yfirfallshæð og er nú 625 metrum yfir sjávarmáli. Vatn úr lóninu mun því á næstunni renna á yfirfalli niður í farveg Jökulsár á Dal. Við það myndast fossinn Hverfandi við vestari enda Kárahnjúkastíflu niður að gljúfurbarminum og steypist þar hátt í 100 metra niður í Hafrahvammagljúfur.**

**Í gær voru sex ár frá því að Hálslón byrjaði að myndast en lónið hefur fyllst á hverju ári frá árinu 2007. Hverfandi hefur aðeins einu sinni birst fyrr en í ár en það var árið 2010 þegar Hálslón fylltist þann 28. júlí.** - mþl

Gangbraut yfir Hringbraut:

## Gönguljósin færð austar

**SAMGÖNGUR** Gangbraut yfir Hringbraut við Þjóðminjasafn Íslands verður færð nokkrum metrum austar svo hún tengist aðliggjandi gönguleiðum betur. Framkvæmdir hefjast klukkan átta í kvöld og standa fram eftir nóttu þar sem gönguljós og merkingar verða færð til.

Búast má við einhverjum truflunum á umferð meðan á framkvæmdum stendur. Áhersla verður þó lögð á að verkið skapi sem minnsta truflun fyrir umferð. Því verður hluta Hringbrautar lokað og umferð beint um hjáleiðir um Suðurgötu, Skothúsveg, Sóleyjargötu og Bjarkargötu, sem tímabundið verður breytt í einstefnuakstursbraut. - bþh

**VEGAGERÐ**

**Framkvæmdir hafnar**

Vinna við gerð Vaðlaheiðarganga hófst í gær þegar grafið var fyrir undirstöðum undir bráðabirgðabrú yfir þjóðveginn. Byrjað verður að sprengja fyrir göngunum um áramótin.




Sælutilboð

Njóttu sveitasælunnar – **kynntu þér tilboðin á hotelork.is**

HÓTEL ÖRK

Breiðumörk 1c, 810 Hveragerði / www.hotelork.is / info@hotel-ork.is / sími: 483 4700


Á annað þúsund flúðu til Tyrklands í kjölfar sprengjuárásar á bæinn Tal Raafat:

# Átök í Sýrlandi magnast áfram

**SÝRLAND, AP** Ríflega 1.300 Sýrlendingar flúðu frá landinu til Tyrklands í skjóli nætur aðfaranótt þriðjudags. Stöðugur straumur flóttamanna hefur verið frá Sýrlandi síðustu mánuði eftir því sem borgarastríðið þar í landi hefur færst í aukana.

Bardagar hafa geisað síðustu daga milli stjórnarhersins og uppreisnarmanna í höfuðborginni Damaskus sem og í Aleppo, stærstu borg landsins. Stjórnarherinn hefur reynt að hrekja uppreisnarmennina út úr borgunum tveimur en ekki haft erindi sem erfiði þrátt fyrir umsvifamiklar árásir.

Þá gerði stjórnarherinn í mánudag sprengjuárás á bæinn Tal Rafaat sem er skammt frá landamærum Tyrklands. Flúðu ríflega 1.300 íbúar í borginni yfir til Tyrklands í kjölfarið en alls hafa um 48 þúsund Sýrlendingar flúið til Tyrklands meðan á átökunum hefur staðið.

Bashar al-Assad forseti hitti í gær sendinefnd frá Íran en þarlend stjórnvöld styðja stjórn Assads í baráttu sinni við uppreisnarmennina. Sýrlenskir fjölmiðlar greindu frá því í kjölfarið að Assad hefði heitið því á fundinum að berjast áfram. - mþl



**ALEPPO Í SÝRLANDI** Þungamiðja borgarastríðsins hefur undanfarið verið í Aleppo, stærstu borg Sýrlands. Uppreisnarmenn hafa náð stjórn á nokkrum hverfum í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stillanleg heilsurúm!
## Fyrir þínar bestu stundir.

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR

Tilboðsdagar í ágúst!




## Stillanlegt og þægilegt!

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

**ÁGÚST-TILBOÐ Kr. 578.550,-**

Verð 749.875,- **Þú sparar 171.325,-**

Charlotte Julien
Dream your world™

## Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færðu nudd. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

AÐEINS FRÁ TEMPUR – VIÐURKENNT TEMPUR EFNI

### Þráðlaus fjarstýring



- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 3 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

Charlotte Julien
Dream your world™

30% afsláttur í ágúst



## Vönduð heilsurúm á frábæru verði!

Charlotte Julien
Dream your world™

**C&J Gold Mattress**

- Pokagormakerfi - 2000 gormar í 180x200
- Vandaðar kantstyrkingar
- Latex heilsu- og hægindalag
- Laserskorið Conforma Foam tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mjúkt axlasvæði
- Silkimjúkt áklæði, hægt að taka efsta lag af

**C&J Gold**

| Dýna, botn og lappir | ÁGÚST-TILBOÐ |
|---|---|
| 160x200 - kr. 202.800,- | **141.960,-** |
| 180x200 - kr. 228.800,- | **155.900,-** |

25% afsláttur í ágúst



**Senseo** 2ja sæta svefnsófi

**ÁGÚST-TILBOÐ Kr. 309.000,-**

Verð áður 412.000,-



**Breidd:** 187 cm **Dýpt:** 95 cm
**Heilsudýna:** 140x200 cm
Fæst einnig breiðari og með tungu.

www.betrabak.is

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

## GENGIÐ 07.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,97 | 119,53 |
| Sterlingspund | 186,22 | 187,12 |
| Evra | 147,64 | 148,46 |
| Dönsk króna | 19,832 | 19,948 |
| Norsk króna | 20,052 | 20,170 |
| Sænsk króna | 17,725 | 17,829 |
| Japanskt jen | 1,5180 | 1,5268 |
| SDR | 179,93 | 181,01 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,7951

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Standard Chartered sagður hafa stundað peningaþvott fyrir írönsk stjórnvöld:

# Verst ásökunum um ólögleg viðskipti

**LONDON, AP** Breska fjármálafyrirtækið Standard Chartered neitaði í gær af krafti ásökunum um að bankinn hafi stundað stórfelld ólögleg viðskipti í samvinnu við írönsk stjórnvöld á árunum 2001 til 2007.

Fjármálaeftirlit New York-ríkis í Bandaríkjunum hefur hafið rannsókn á bankanum vegna gruns um að hann hafi í samvinnu við írönsk stjórnvöld stundað peningaþvott á um 250 milljörðum Bandaríkjadala.

Í yfirlýsingu frá Standard Chartered segir að nær alla þá upphæð megi rekja til viðskipta þar sem öllum lögum og reglum var hlýtt. Stærð þeirra viðskipta sem hafi hugsanlega verið ólögleg nemi einungis 14 milljónum Bandaríkjadala.

Verð hlutabréfa í Standard Chartered hrundi í gær í kjölfar þess að fréttir bárust af rannsókninni á mánudag. Um miðjan dag í gær hafði verðið lækkað um ríflega 18% en talið er líklegt að Standard Chartered muni missa starfsleyfi sitt í New York og verða gert að greiða háa sekt vegna málsins. **- mþl**




**STANDARD CHARTERED** Verðhlutabréfa í Standard Chartered hrundi í gær eftir að fréttir bárust af ásökunum fjármálaeftirlits New York-ríkis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Neyttu áfengis eða fíkniefna:

# Lögregla tók 34 undir áhrifum

**LÖGREGLUMÁL Alls voru þrjátíu og fjórir ökumenn teknir fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstur á höfuðborgarsvæðinu um verslunarmannahelgina.**

**Flestir voru stöðvaðir í Reykjavík, eða 29, en fjórir í Kópavogi og einn í Hafnarfirði.**

**Þetta voru þrjátíu karlar á aldrinum 18 til 67 ára og fjórar konur, 19 til 30 ára. Flest þessara mála komu upp á sunnudaginn.**

**Sjö þessara ökumanna höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi.** **- ktg**



**BARÁTTA** Mitt Romney gerir harða hríð að Barack Obama Bandaríkjaforseta. NORDICPHOTOS/AFP

Þegnarnir verða háðir kerfinu:

# Romney ræðst á velferðarkerfi Baracks Obama

**BANDARÍKIN, AP** Mitt Romney, forsetaefni Repúblikana í kjöri um forsetaembætti Bandaríkjanna í vetur, sakar Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, um að velferðarkerfi hans geri þegna ríkisins háða kerfinu. Romney freistar þess að gera velferðarkerfisáform Obama að stóru kosningamáli í komandi kosningum.

Romney fjallaði um þetta á kosningasamkomu nærri Chicago, heimaborg Obama. Hann sagði að forsetinn hefði eyðilagt bótakerfi Bills Clinton frá 1996 og hét því að kæmist hann til valda þyrftu allir að vinna til að eiga rétt á bótum.

Samkvæmt skoðanakönnunum mundi Obama verða endurkjörinn yrði kosið nú en mjótt er á mununum því aðeins rúmlega þrjú prósentustig skilja þá að. **- bþh**

## LEIÐRÉTTING

Þau mistök urðu við ritun greinar á menningarsíðu þann 1. ágúst að Hrani Koðránsson var nefndur Rani Korðason og Dufgussynir skrifaðir Drumbusynir. Sigurður Hansen á Kringlumýri og aðrir lesendur eru beðnir velvirðingar.

# Flókið stjórnskipulag Hörpu veldur núningi og árekstrum

**Hlutverk og ábyrgð hvers félags innan Hörpu-samstæðunnar hafa ekki verið skýr. Hægt verður að spara fé með einföldun á skipulagi. Rúm þrjú ár síðan ríki og borg tóku yfir Hörpu. Skipulag fyrst að breytast í ár.**

**STJÓRNSÝSLA** Flókið stjórnskipulag innan Hörpu-samstæðunnar hefur valdið núningi og árekstrum, verkaskipting, hlutverk og ábyrgð hafa ekki verið skýr og við ákveðnar aðstæður hefur verið óljóst hver á að taka hvaða ákvörðun. Þetta er meðal þess sem kemur fram í úttekt KPMG á rekstri og skipulagi Hörpu.

Eigendur Hörpu; íslenska ríkið og Reykjavíkurborg, sendu frá sér fréttatilkynningu fyrir helgi þar sem kom fram að á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem úttektin sýndi þá muni skipulag Hörpu-samstæðunnar, sem taldi þegar mest lét átta mismunandi félög, verða einfaldað og ný rekstraráætlun lögð fram. Búist er við að rekstrartap Hörpu verði rúmlega 400 milljónir króna í ár. Til viðbótar greiða eigendur Hörpu tæpan milljarð króna í ár vegna afborgana á lánum sem tekin voru til að klára byggingu hússins.

Þegar úttekt KPMG var gerð taldi skipulag Hörpu átta félög. Þeim hefur reyndar síðar verið fækkað um tvö með sameiningum. Yfirstjórn Hörpu var síðan skipuð fimm aðilum frá þessum félögum, þar af þremur starfandi stjórnarformönnum. Í úttekt KPMG segir að „verkaskipting og ábyrgð aðila hefur verið óljós, sem veldur núningi og árekstrum“. Ástæða hins flókna skipulags er sögð eiga sér rætur í því að einkaaðilar hafi upphaflega átt að fjármagna og eiga húsið.

KPMG leggur til að þrjú félaganna verði sameinuð í eitt og önnur verði lögð niður til að einfalda og skýra samskipti, lækka kostnað og minnka hættu á „mistökum eða ruglingi“. Auk þess sé óeðlilegt að sömu aðilar sitji í stjórnum margra tengdra félaga, en mörg dæmi þess eru innan Hörpu-samstæðunnar. Í úttektinni segir að „við þær aðstæður verður óljóst hvar ákvarðanir eiga að liggja og hagsmuna hvaða félags verið er að gæta. Ljóst er að erfitt yrði að fylgja reglum um góða stjórnarhætti“.

Þrátt fyrir að ríkið og Reykjavíkurborg hafi tekið yfir eignarhald og rekstur Hörpu snemma árs 2009 þá hefur stjórnskipulag samstæðunnar verið látið óáreitt í rúmlega þrjú ár. Tilgreind ástæða þess hefur verið sú að skattamál myndu gera einföldun þess erfiða. KPMG telur hins vegar að hægt yrði að ráðast í slíkar breytingar án þess að það myndi valda skattalegum vandkvæðum. Endurskoðunarfyrirtækið hefur óskað eftir staðfestingu skattayfirvalda á þeim skilningi.

> ... verkaskipting og ábyrgð aðila hefur verið óljós, sem veldur núningi og árekstrum.
>
> **ÚR ÚTTEKT KPMG**

Samkvæmt upplýsingum úr mennta- og menningarmálaráðuneytinu liggur slík staðfesting ekki fyrir. Hluti af þeirri endurskoðunarvinnu sem nú stendur yfir felur í sér að kanna hvort skilningur KPMG standist. Vonir standa til að nýtt skipulag og ný rekstraráætlun til fimm ára liggi fyrir í október næstkomandi. **thordur@frettabladid.is**



**DÝR** Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg tóku Hörpuna yfir snemma árs 2009. Veruleg frávik hafa verið frá þeim rekstraráætlunum sem lagðar voru fram við það tilefni. Ráðstefnuhald hefur til að mynda skilað 80% minni tekjum en lagt var upp með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Austurhöfn tapaði 534 milljónum króna

Austurhöfn-TR ehf., sem er í 54 prósenta eigu ríkisins og 46 prósenta eigu Reykjavíkurborgar, fer með eignarhald Hörpu og annarra tengdra eigna. Félagið hefur ekki birt ársreikning sinn fyrir árið 2011 opinberlega. Í ríkisreikningi ársins 2011 kemur hins vegar fram að 534 milljóna króna taprekstur hafi verið á félaginu í fyrra. Eigið fé þess er neikvætt um 270 milljónir króna og skuldir þess nema 23,1 milljarði króna. Eignir þess, sem eru að langstærstu leyti Harpa og meðfylgjandi lóðir, voru metnar á 22,8 milljarða króna í lok síðasta árs.


ZUMBA

Dansaðu þig í form með einföldum sporum, skemmtilegri tónlist og góðum félagsskap.

**Jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna**

- **Zumba** - Þri og fim kl. 17:30
- **Zumba Toning** - Þri og fim kl. 16:30
- Þjálfari: Eva Suto - 4 vikur
- Hefst 14. ágúst. Verð kr. 12.900,-




HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**VÆTA VESTRA BJART EYSTRA**

Besta veðrið verður á Norðaustur- og Austurlandi næstu daga og um helgina. Hitinn mun líklega fara yfir 20°C í nokkuð björtu veðri en á sama tíma mun rigna með köflum á suðvesturhorninu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 22° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 29° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 17° |
| París | 27° |
| San Francisco | 24° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

**TVÖFALDUR ★★ FYRSTI VINNINGUR**

**ÍSLENSKI BÓNUSPOTTURINN STEFNIR Í RÚMLEGA 40 MILLJÓNIR!**

# 1250 MILLJÓNIR



**250.000.000**
**+1.000.000.000**

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ **1.250.000.000**

Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 250 milljónir, Ofurpotturinn í 1.000 milljónir og Íslenski bónuspotturinn í rúmlega 40 milljónir. **Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

**ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!**
MIÐINN GILDIR 8. ÁGÚST 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **A.** | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| **B.** | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| **C.** | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| **D.** | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| **E.** | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| **F.** | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| **G.** | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| **H.** | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

**KJÖRKASSINN**



*Varst þú á faraldsfæti um verslunarmannahelgina?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 35,6% |
| NEI | 64,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú sótt atburði í Hörpu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Lögreglan í Vestmannaeyjum var með breyttar áherslur í eftirliti með fíkniefnum á Þjóðhátíð þetta árið:

# Rannsakar áfram þrjár nauðganir í Eyjum

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn stendur enn yfir á þremur nauðgunum á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um liðna verslunarmannahelgi. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Eyjum voru brotin öll framin í Herjólfsdal. Einn var handtekinn í tengslum við eina nauðgunina en honum var sleppt að yfirheyrslum loknum.

Á laugardagsmorgun kærði átján ára kona nauðgun. Tuttugu og tveggja ára gamall karlmaður var handtekinn en honum sleppt eftir að hafa neitað sök við skýrslutöku.

Sautján ára gömul stúlka kærði nauðgun á sunnudagskvöld og 27 ára gömul kona á mánudagsmorgun. Lögreglan lýsir eftir vitnum að tveimur síðarnefndu brotunum.

Jóhannes Ólafsson, yfirlögregluþjónn í Vestmannaeyjum, segir rannsókn á þessum málum standa enn yfir. Lögreglan á Selfossi hefur forræði í rannsókninni þó hún fari að mestu leyti fram í Eyjum. „Nú er farið yfir myndir úr öryggismyndavélakerfi,“ segir Jóhannes. „Það hefur þegar gefist vel í einu líkamsárásarmáli. Verknaðurinn þar náðist á myndband. Svo á eftir að útfæra þetta betur, fjölga vélum og breyta sjónarhorni á þeim.“



**SKEMMTANAHALD** Jóhannes Ólafsson segir fíkniefnanotkun vera orðna fylgifisk skemmtanahalds. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Þá hafa aldrei komið upp fleiri fíkniefnamál á Þjóðhátíð í Eyjum. Þau voru 52 yfir alla helgina og segir lögreglan þar breyttar áherslur í eftirliti ástæðu þess að fleiri mál koma upp.

„Þetta virðist vera orðinn fylgifiskur skemmtanahalds. Við getum tekið sem dæmi hátíð sem haldin var á Suðurlandi þar sem kom upp fjöldi fíkniefnamála líka,“ segir Jóhannes. Hann segir flest efnin sem gerð voru upptæk hafa verið í neysluskömmtum – marijúana, kókaín, amfetamín og eitthvað af ofskynjunarsveppum. **- bþh**



**KERTAFLEYTING** Alls er talið að á bilinu 150 til 250 þúsund manns hafi látist í árásunum á Hírosíma og Nagasakí.

Hírosíma og Nagasakí minnst:

## Eftirlifandi flytur ávarp

**FÓLK** Árleg kertafleyting íslenskra friðarsinna í minningu fórnarlamba kjarnorkuárásanna á Hírosíma og Nagasakí 6. og 9. ágúst 1945 fer fram annað kvöld í Reykjavík og á Akureyri.

Í Reykjavík fer kertafleyting fram við Tjörnina í miðborginni og hefst klukkan 22.30. Inosuka Hayasaki, einn eftirlifenda kjarnorkuárásarinnar á Nagasakí, mun flytja ávarp við upphaf athafnarinnar. Á Akureyri fer kertafleyting fram við Minjasafnstjörnina og hefst kl. 22.00. **- mþl**

Kvartanir í Hafnarfirði:

## Fluttu og skildu hundinn eftir

**LÖGREGLUMÁL Íbúar í fjölbýlishúsi í Hafnarfirði fluttu þaðan út um verslunarmannahelgina án þess að taka hundinn sinn með. Ábendingar um þetta bárust lögreglu höfuðborgarsvæðisins í fyrrakvöld.**

**Haft var samband við eigendur hundsins sem sögðu skepnuna ekkert skorta, hvorki í mat né drykk og að hundurinn kæmist út á svalir. Kváðust þeir ætla að sækja hvutta innan tíðar en ekki var orðið af því í gær.**

**Málinu var vísað til hundaeftirlitsins sem ætlaði að hlutast til um að hundurinn, sem er af husky-tegund, fengi þá umönnun sem hann þarf.** **- gar**

# Tekjur ríkisins meiri en ráð var fyrir gert

**Tekjur íslenska ríkisins á fyrri hluta ársins eru 23 milljörðum króna hærri en áætlun gerði ráð fyrir og gjöld sex milljörðum krónum lægri. Tekjujöfnuður ríkisins batnar um 30 milljarða króna. Skatttekjur hafa aukist umtalsvert.**

**RÍKISFJÁRMÁL** Innheimtar tekjur ríkisins fyrstu sex mánuði ársins 2012 námu 251,9 milljörðum króna. Það er 23,2 milljörðum umfram áætlun. Á sama tíma hafa gjöld ríkisins dregist saman um 6,4 milljarða, voru 268,6 milljarðar til júníloka. Þetta kemur fram í mánaðaruppgjöri A-hluta ríkissjóðs fyrir júní 2012, sem kom út í gær.

Skatttekjur og tryggingargjöld á tímabilinu námu 229,3 milljörðum króna, eða 16,5 milljörðum umfram áætlun. Þá voru skattar og tekjur tíu milljarðar umfram áætlun, 86,2 milljarðar í heild. Þar af var tekjuskattur einstaklinga 4,2 milljörðum umfram áætlun og tekjuskattur lögaðila um 8,4 milljarða króna. Skattur á fjármagnstekjur reyndist hins vegar 1,5 milljörðum lægri en áætlað hafði verið.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu voru 3,2 milljörðum umfram áætlun, og af virðisaukaskatti 2,1 milljarður króna. Þá voru aðrar tekjur alls 20,9 milljarðar króna, eða 5,5 milljarðar umfram áætlun. Þar af voru vaxtatekjur 7,9 milljarðar króna og arðgreiðslur frá Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands 5,3 milljarðar króna. Tekjur af sölu eigna námu 1,2 milljörðum króna, eða einum milljarði umfram áætlun en það skýrist af hlutdeild ríkisins í hagnaði af gjaldeyrisútboðum Seðlabankans.

Gjöld ríkissjóðs námu 268,6 milljörðum króna til júníloka, eða 6,4 milljörðum undir áætlun innan ársins, en hún byggir á fjárlögum og fluttum fjárheimildum frá fyrra ári.

Helstu frávikin voru hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, eða 2,2 milljarðar króna, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, eða 1,4 milljarðar króna, og utanríkisráðuneytinu, um 1,1 milljarð króna.

Umframgjöld fjármálaráðuneytisins námu hins vegar 0,2 milljörðum króna, sem og innanríkisráðuneytisins. Þá var fjármagnskostnaður 0,2 milljörðum króna umfram áætlun.

Í uppgjörinu kemur fram að stór frávik á útkomu miðað við áætlun séu fátíð. „Helstu frávik þar sem gjöld reyndust umfram áætlun voru hjá Landspítala um 1,5 mja. kr. (einkum halli fyrri ára), lífeyrisskuldbindingar um 0,9 mja. kr. og Atvinnuleysistryggingasjóðs um 0,7 ma. kr.,“ segir í skýrslunni.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**FÓLK** Einstaklingar greiddu 4,2 milljörðum króna meira í tekjuskatt á fyrstu sex mánuðum ársins en áætlað hafði verið og lögaðilar 8,4 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Fjármál ríkissjóðs 2012***

| | Útkoma jan.-júní | Áætlun jan.-júní |
|---|---|---|
| Tekjur samtals | 251,9 | 228,8 |
| Gjöld samtals | -268,6 | -274,9 |
| Tekjujöfnuður | -16,6 | -46,1 |

*í milljörðum króna

Heimild: Fjárreiður ríkissjóðs

Heimspekingur í Danmörku:

## Vill ræða kynlífsvélmenni í barnastærðum

**DANMÖRK Formaður dönsku siðanefndarinnar, Jakob Birkler, segir mikilvægt að ræða hvort veita eigi barnaníðingum aðgang að vélmennum sem líkjast börnum. Hann bendir á að nú þegar sé hægt að fá vélmenni í fullorðinsstærð og að í Bandaríkjunum sé hægt að kaupa barnslegar kynlífsdúkkur.**

**Hann telur fullvíst að innan skamms verði hægt að fá vélmenni sem líkist barni, sem bæði stynji og bregðist við snertingu.**

**„Þegar ákveðnar óskir eða þarfir eru til staðar eru engin takmörk fyrir því hvað kynlífsiðnaðurinn getur boðið upp á. Við verðum þess vegna að ræða hvar við setjum mörkin,“ segir Birkler í samtali við bt.dk.** **- ktg**

Bátur brann í Þorlákshöfn:

## Grunur um íkveikju í báti

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi hefur til rannsóknar bruna sem varð í dragnótabátnum Arnari ÁR-55 í Þorlákshöfn á mánudagsmorgun.

Lögreglan á Selfossi leitaði til tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem rannsakaði bátinn og komst að þeirri niðurstöðu að um íkveikju væri sennilega að ræða. Eldurinn kom upp í svampdýnu í vinnslurými bátsins. Lögregla auglýsir eftir vitnum að atburðinum. **- mþl**

**LÖGREGLUMÁL**

**Veiðiþjófur laug til nafns**

Varðskipið Þór stóð nýverið rækjubát að meintum ólöglegum veiðum undan Snæfellsnesi. Skráður skipverji var ekki um borð og sagði sá sem um borð var rangt til nafns. Hann var yfirheyrður af lögreglu.








**HORFT YFIR SUNDIN** Skemmtiferðaskipin Europa, Princess Danae og Celebrity Eclipse lágu í Reykjavíkurhöfn í gær. Europa fór síðdegis í gær en hin tvö fara í dag. Von er á tæplega þrjátíu skemmtiferðaskipum í Reykjavíkurhöfn það sem eftir lifir sumars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



# Helgarferðir
## með VITA í haust









## DUBLIN
### ÍRLANDI

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra.

**Verð frá 79.840 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Netverð á mann:
Tvíbýli á hótel Camden Court í 4 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 88.840 kr.

25. - 29. okt.
4 nætur

## MADRID
### SPÁNI

Madrid er borg menningar og listar, fótbolta og mannlífs, og það fram á rauða nótt. Borg sem kemur skemmtilega á óvart með breiðstræti sín, öngstræti, göngugötur, listasöfn og svo að sjálfsögðu H&M.

**Verð frá 102.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Netverð á mann:
Tvíbýli á hótel Husa Princesa í 3 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 112.900 kr.

11. - 14. október
3 nætur

## SEVILLA
### SPÁNI

Sevilla er höfuðborg Andalúsíu. Þróttmikil og lifandi borg með sjarmerandi göngugötum, tapas-börum, iðandi mannlífi og flottum verslunum. Risastór El Corte Ingles vöruhús og auðvitað H&M.

**Verð frá 99.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Netverð á mann:
Tvíbýli á hótel Novotel í 3 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 109.900 kr.

5. – 8. október
3 nætur.

## EDINBORG
### SKOTLANDI

Fallegasta borg Skotlands og umfram allt einstaklega þægileg. Gott að versla og allt í göngufæri. Heillandi borgarstæði, fallegar byggingar og tignarlegur Edinborgarkastali.

**Verð frá 79.300 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Netverð á mann:
Tvíbýli á hótel Mercure Edinburgh City (áður Mount Royal) í 3 nætur 4. okt.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 89.300 kr.

4. og 18. okt. eða 1. og 15. nóv. 3 eða 5 nætur.

Öll verð eru á mann í tvíbýli. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 60597 08/12

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

FRÉTTASKÝRING: Sveiflur í sölu sumarbústaða á síðustu árum

# Sumarhúsin seljast vel en fá eru byggð

**Velta á nýjum kaupsamningum vegna sumarhúsa er að aukast á ný en byggingarframkvæmdir vegna nýrra húsa hafa dregist saman. Ný hús eru að meðaltali tvöfalt stærri í dag en fyrir tuttugu árum. Velta vegna kaupsamninga var 2,1 milljarður í fyrra eins og árið 2006, en var 4,2 milljarðar árið 2007.**

Lítið sem ekkert var um byggingar á nýjum sumarhúsum fyrstu þrjú árin eftir efnahagshrunið. Að sama skapi dróst sala á bústöðum saman á tímabilinu, eins og á fasteignamarkaðnum öllum í landinu.

Alls voru 12.225 sumarhús á Íslandi í lok síðasta árs. Fjölskyldur í landinu eru 77.621, samkvæmt nýjustu úttekt Hagstofu Íslands. Samkvæmt því eiga um 15 prósent íslenskra fjölskyldna sína eigin sumarbústaði.

Fasteignasalar eru sammála um að byggingar á sumarhúsum og lóðakaup séu í algjöru lágmarki sökum himinhás byggingarkostnaðar. Jón Rafn Valdimarsson, fasteignasali hjá Valhöll, segir afar fáa vera tilbúna til að reiða fram slíkar fjárhæðir til að byggja sér hús. Mun algengara sé að fólk kaupi sér bústaði af söluskrá.

„Salan dróst mikið saman fyrir hrun, enda var mun auðveldara að fá lán fyrir sumarhúsakaupum áður fyrr. Það seldist allt þegar allt lék í lyndi,“ segir hann. „En svo má deila um hvort það sé hægt að nota slíkt orðatiltæki.“

Jón segir vinsælustu bústaðina kosta á bilinu átta til fimmtán milljónir króna, sem eru oftar en ekki í kring um 50 fermetra hús. Stærri bústaði sé erfiðara að selja.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignaskrá hefur velta í þinglýstum kaupsamningum aukist lítillega síðan árið 2007, en hún var í sögulegu hámarki það ár þegar 270 kaupsamningum var þinglýst og var heildarveltan um 4,2 milljarðar króna, sem var helmingi meira en árið á undan. Á síðasta ári var hún 2,6 milljarðar króna fyrir 199 samninga.

Á fasteignavef Vísis.is er að finna 543 eignir til sölu sem flokkast undir sumarhús og 582 á fasteignavef Mbl.is. Samkvæmt því eru tæp fimm prósent hinna 12.225 sumarbústaða í landinu á söluskrá.

Á síðustu tíu árum hafa um 340 nýir sumarbústaðir risið að meðaltali á hverju ári um land allt. Fjöldinn er langmestur á höfuðborgarsvæðinu og hefur að sama skapi aukist hlutfallslega mest þar. Flestir bústaðir voru byggðir árið 2008, þegar reistir voru 519 nýir bústaðir, þá flestir á Norðurlandi eystra og Suðurlandi. Fjöldinn dróst svo saman ár frá ári eftir efnahagshrunið í október, en nýbyggð sumarhús voru einungis 146 í fyrra, eða um fjórðungur af því sem var fyrir hrun.

> Raunveruleikinn er samt því miður sá að ef þú selur í dag, ertu að fara að tapa.
>
> JÓN RAFN VALDIMARSSON
> FASTEIGNASALI

Jón segir það töluvert algengt í dag að fólk sé að losa sig við eignir. Það sé örsjaldan að ástæða sölu sé til að stækka við sig eða minnka.

„Það er algengt að eldri hjón selji húsin sín þegar börnin hafa ekki áhuga á að taka við þeim,“ segir hann. „Þó er því miður mikið um að fólk verðleggi húsin sín á gamla kaupverðinu því enginn vill tapa. En raunveruleikinn er samt því miður sá að ef þú selur í dag, ertu að fara að tapa.“

Magnús Leopoldsson, fasteignasali hjá Fasteignamiðstöðinni, tekur undir orð Jóns Rafns og segir markaðinn hafa verið að braggast undanfarin misseri.

„Þetta var mjög dauft fyrst eftir hrunið, en fólk er farið að skoða aftur þessa möguleika. Að mínu mati er markaðurinn nú orðinn keimlíkur því sem hann var,“ segir Magnús. Hann segir það sama og Jón varðandi söluverð húsanna, að erfiðara sé að selja eftir að kaupverðið er komið yfir 15 milljónir. „Vissulega er einn og einn risabústaður að koma og seljast, en það er ekki mikið um það.“

Hann segir þó framboðið vera meira en eftirspurnina, en allt ráðist þetta af verðinu. Þá sé afskaplega lítið um að fólk sé að byggja sér ný hús og afar lítil hreyfing er á sumarhúsalóðum.

„99 prósent fólks vill eiga lóðirnar. Ef landeigandinn er ríkið, sveitarfélag eða einhver félagasamtök þá er fólki meira sama, en langflestir setja það fyrir sig að eiga jarðirnar. Þó eru samningarnir þannig að leiga á að vera ansi örugg.“

Þeir bústaðir sem standa einir sér, utan skipulagðra sumarbústaðabyggða, eru að mati Magnúsar mun vinsælli. Slík hús seljast betur, en eru þó jafnframt oft dýrari en hin. Suður- og Vesturlandið er fjölmennast, þá Borgarfjörðurinn sér í lagi, sem og Snæfellsnesið og uppsveitir Árnessýslu.

„Fólk er líka farið að spá fram í tímann því það er svo dýrt að byggja,“ segir hann. „Því er hagstætt að kaupa bústaði á markaði núna því þeir fást langt undir því verði sem það kostar að reisa nýtt hús.“



Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is

## Meðalstærð sumarhúsa




### Milljarðaiðnaður með stækkandi húsum

Sé meðalfermetraverð sumarbústaða skoðað eftir byggingarárum, sést glögglega að Íslendingar virðast vilja stækka við sig ár frá ári. Sem dæmi má nefna að meðalstærð sumarhúss árið 1990 var um 48 fermetrar. Hús sem voru byggð árið 2000 voru að meðaltali um 56 fermetrar, en þau frá árinu 2008 eru orðin rúmir 87 fermetrar. Meðalstærð bústaða sem reistir voru í fyrra er um 82 fermetrar. Að sama skapi hefur meðalverð hvers bústaðar hækkað úr þremur milljónum í þrettán frá árinu 2000.



**EIN FJÖLMARGRA SUMARBÚSTAÐABYGGÐA Á LANDINU** Árið 2001 voru rúmlega 8.800 sumarbústaðir á landinu en þeir eru nú komnir í rúmlega 12.200. Flestir eru á Suður- og Vesturlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EJ

## Fjöldi sumarhúsa á landinu í lok árs 2011




Heimild: Fasteignaskrá Íslands

## Fjöldi samninga og velta í milljónum




## Meðalverð samninga í milljónum




VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á!




16.900 m/vsk
Fullt verð 22.900
IBTGCAI9402
TOPPLYKLA OG BITASETT 94 HLUTA
1/4" og 1/2" toppar og bitar | Stærðir 4 - 32 mm
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

# FYRIR BAÐIÐ

## ÓDÝRT OG GOTT



58.900 stgr.

Blöndunartæki og spegill fylgja ekki þessari innréttingu

YTG44 95 x 46 sm



verð frá 19.900 stgr.

Sturtusett með hitastýrðu blöndunartæki

verð frá 25.900 stgr.

Sturtusett með hitastýrðu blöndunartæki



28.900* stgr.

P-7195 Stærð: 46x46 sm

* Blöndunartæki fylgja ekki þessum innréttingum



STURTU/BAÐTÆKI 14.900

STURTUTÆKI m/STÚT UPP EÐA NIÐUR 11.900

til afgreiðslu af lager

## STURTUhorn

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja

SUMAR verð!



SUMARverð! 28.900

SUMARverð! 27.900

RÚNNAÐ STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

KANTAÐ STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

## SPEGLAR með ljósum



50% afsláttur

| Stærð sm: | áður | - 50% |
|---|---|---|
| 60 x 80 | 47.800.- | 23.900.- |
| 80 x 80 | 51.800.- | 25.900.- |
| 90 x 80 | 53.800.- | 26.900.- |
| 100 x 80 | 55.800.- | 27.900.- |
| 120 x 80 | 57.800.- | 28.900.- |

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • Lokað á laugardögum | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvar er leiði Bobbys Fischer?
2. Stuðningsaðili hvaða enska knattspyrnuliðs er fjármálafyrirtækið Standard Chartered?
3. Hvað heitir rannsóknarjeppinn sem lenti á Mars?

SVÖR:

1. Í kirkjugarðinum í Laugardælum. 2. Liverpool. 3. Curiosity.

Fjöldi manns lærir um íslenska prjónahefð á prjónaráðstefnu í Borgarnesi:

# Ferðamenn prjóna þríhyrnur

**MENNING** Norræn prjónaráðstefna er nú haldin í Hjálmakletti í Borgarnesi en eigendur blaðsins Lopa og bands standa að viðburðinum.

Hátt í 120 gestir sækja ráðstefnuna og er áætlað að um nítíu manns hafi komið til landsins til að sækja atburðinn. Flestir gestanna eru frá Norðurlöndunum, en einnig eru nokkrir frá Kóreu, Japan, Bretlandi og Kanada.

Á ráðstefnunni er lögð áhersla á að kynna íslenska prjónahefð.

„Við erum til dæmis að kynna hvernig þríhyrnur og langsjöl eru prjónuð, hvernig gera á skagfirska útsaumaða vettlinga og einnig vestfirska vettlinga sem eru útprjónaðir. Svo bjóðum við einnig upp á námskeið í rósaleppaprjóni og hvernig gera eigi slyngda leppa svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Ásdís Birgisdóttir, annar eigandi Lopa og bands.

Alls eru um sextán námskeið í boði og fjöldi fyrirlestra.

Ráðstefnan stendur fram á laugardag en á fimmtudaginn verður haldið prjónakaffi á staðnum þar sem Vivian Höxbro prjónahönnuður mun halda fyrirlestur og er viðburðurinn opinn öllum. **- ktg**



**PRJÓNAHÖNNUÐIR** Ásdís Birgisdóttir og Margrét Linda Gunnlaugsdóttir, eigendur Lopa og bands, sjá um Norrænu prjónaráðstefnuna.

7,6% meiri sala um helgina:

# Meira drukkið nú en í fyrra

**NEYTENDUR Sala áfengis í vikunni fyrir síðustu verslunarmannahelgi var 7,6 prósent meiri í lítrum talið en í sömu viku í fyrra.**

**Í tilkynningu frá ÁTVR segir að salan í umræddri viku hafi þó verið óvenjulega lítil í fyrra, eða um 11 prósentum minni en árið 2010; um 713 þúsund lítrar af áfengi í ár en í fyrra voru þeir 662 þúsund. Fjöldi viðskiptavina jókst einnig. En þrátt fyrir meiri sölu þessa vikuna í ár, var salan á föstudag og laugardag 8,5 prósentum minni í ár en í fyrra. - sv**






**FLÖKIN Á FÆRIBANDINU ÞOKAST NÆR** Það er liðin tíð að hægt sé að selja þann gula beint af færibandinu eins og áður tíðkaðist segir deildarstjóri hjá Iceland Seafood International. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þorskurinn orðinn of dýr fyrir Bretana

**Erfiðara er að selja íslenskar sjávarafurðir nú en fyrir fimm árum. Ódýr fiskur rýkur upp vinsældalistann á Bretlandi. Íslenskur fiskur er orðinn of dýr segir formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við erum að verðleggja okkur út af markaðnum,“ segir Jón Steinn Elíasson, formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda. Nýleg könnun sem verslunarkeðjan Sainsbury's stóð fyrir á Bretlandi sýnir að neysla á tilapíu og öðrum fisktegundum sem ekki veiðast hér við land eykst stórlega á kostnað þorsks og ýsu.

Leggja álitsgjafar út af rannsókninni og telja að árið 2030 verði neyslumynstur Breta svo breytt að fimm vinsælustu tegundirnar, það er að segja þorskur, ýsa, túnfiskur, lax og rækja, munu ekki ná upp í helming af öllu því sjávarfangi sem Bretar neyti.

„Það eru alltaf að bætast fleiri matvæli á markaðinn,“ segir Jón Steinn. „Tilapían er ódýr og það gerir okkur erfiðara fyrir því fólk fer út í ódýrari vörur. Við erum komin í þá stöðu að vera búin að veðsetja aflaheimildir of mikið og svo hafa þær farið minnkandi og nú er svo komið að fiskurinn okkar er alltof dýr. Hvort sem hann er ferskur, frosinn eða saltaður. Og nú þurfum við að bregðast við því.“

Hann segir að ein leiðin til að stemma stigu við þessu sé að auka aflaheimildir. „Við sjáum að okkar keppinautar hafa farið þá leið enda er nú búið að auka aflaheimildir í Barentshafinu og við verðum að bregðast við ef við ætlum að vera samkeppnishæf hvað verð varðar, en við erum það ekki í dag. Hvað við getum haldið okkur lengi inni á markaðnum meðan málum er svona háttað, það veit ég ekki en það er farið að banka í okkur.“

Friðleifur Friðleifsson, deildarstjóri frystra afurða hjá Iceland Seafood International, er ekki jafn svartsýnn en segir þó að nú þurfi að hafa mun meira fyrir því að selja íslenskar sjávarafurðir. „Sá tími er liðinn að við getum selt allar sjávarafurðir nánast beint af færibandinu, eins og fyrir fimm til sjö árum, sá tími er liðinn,“ segir Friðleifur.

„Ég held að við stöndum ágætlega að vígi enn þá á meðan við sinnum þeim hluta markaðarins sem vill ferska hnakka og fersk flök og eru að selja það í sínu náttúrulega formi í sínu kæliborði eða í umbúðum og eins þeim sem vilja einfrystan fisk. En um leið og menn ætla að fara að brauða eða hjúpa fisk þá er sá íslenski bara orðinn alltof dýr og þá leita menn í aðrar tegundir eins og tilapíu, Alaska-ufsa og svo framvegis. Sá markaður er bara horfinn fyrir okkur Íslendinga.“

Hann segir mikilvægt að Íslendingar leggist í sameiginlegt markaðsátak til að tryggja stöðu afurðanna á erlendum markaði.

jse@frettabladid.is

**Hvað er tilapía?**

Tilapía, sem einnig hefur verið nefndur beitifiskur eða Hekluborri, er hlýsjávarfiskur upprunninn í Afríku. Hefur hann stundum verið kallaður „kjúklingur hafsins“ þar sem kjötið minnir frekar á kjúkling en fisk. Hann er fjórði vinsælasti fiskurinn hjá neytendum í Bandaríkjunum og verður sífellt vinsælli í Evrópu. Íslensk matorka undirbýr nú umfangsmikið eldi á þessum fiski á Suðurnesjum.



Vöruskiptajöfnuður á fyrri helmingi ársins jákvæður um 31,2 milljarða þó verðmæti iðnaðarvara minnki:

# Verðmæti útflutnings hefur aukist mikið

**EFNAHAGSMÁL** Útflutningsvörur Íslendinga hafa aukist að verðmæti á fyrri helmingi ársins miðað við sama tíma í fyrra.

Fluttar voru út vörur fyrir 291,6 milljarða á fyrri helmingi ársins 2011, en fyrir 313 milljarða í ár. Munar þar mestu um aukið verðmæti sjávarafurða sem jókst um 21,1 prósent á milli ára, úr 105,5 milljörðum í 132,3 milljarða. Þetta kemur fram í gögnum Hagstofu Íslands.

Innflutningur Íslendinga hefur einnig aukist og gerir það að verkum að vöruskiptajöfnuður er ekki eins jákvæður á fyrri helmingi ársins 2012 og í fyrra. Fluttar voru inn vörur fyrir 245 milljarða króna á því tímabili 2011, en 281,7 milljarða í ár.



**ÁL** Iðnaðarvörur eru verðmætasti útflutningur Íslendinga og skiluðu þær 167 milljörðum í þjóðarbúið á fyrri helmingi ársins 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Verðmæti útflutnings***

| | |
|---|---|
| **Sjávarafurðir** | **132.295** |
| Landbúnaðarvörur | 5.231 |
| Iðnaðarvörur | 167.176 |
| Aðrar vörur | 8.288 |

*Á fyrri helmingi ársins 2012, í milljónum króna

Vöruskiptajöfnuður fyrstu sex mánuði ársins nam 31,246 milljörðum króna í ár, en í fyrra 46,724 milljörðum.

Verðmæti landbúnaðarafurða hefur aukist mest útflutningsvara, eða um 34,4 prósent. Íslendingar fluttu út landbúnaðarvörur fyrir 5,2 milljarða á fyrri helmingi ársins 2012. Verðmæti iðnaðarvara hefur dregist saman um 4,4 prósent, en þær eru þó verðmætasti einstaki vöruflokkurinn í útflutningi og skiluðu 167,2 milljörðum króna í þjóðarbúið. - kóp



**MINNAST LÁTINNA** Síkar í Brookfield í Wisconsin í Bandaríkjunum söfnuðust saman á mánudag til að minnast fórnarlamba skotmanns sem varð sex að bana í musteri síka í bænum Oak Creek á sunnudag.



**FARINN** Hnefaleikamaðurinn Thomas Essomba er einn af íþróttamönnunum sjö frá Kamerún sem hafa látið sig hverfa. NORDICPHOTOS/AFP

Íþróttamenn hlaupast á brott:

## Sjö Kamerúnar á Ólympíuleikunum horfnir

**LONDON** Sjö íþróttamenn frá Kamerún hafa horfið úr Ólympíuþorpinu í London. Leikur grunur á að íþróttamennirnir hafi ákveðið að hlaupast á brott með það fyrir augum að dvelja ólöglega í Bretlandi til langframa.

Drusille Ngako, varamarkvörður knattspyrnuliðs Kamerún, varð fyrst til að hverfa en hún mætti ekki til fundar við lið sitt í aðdraganda síðasta leiks þess á mótinu. Í kjölfarið hvarf sundmaðurinn Paul Ekane Edingue og hnefaleikararnir Thomas Essomba, Christian Donack Adjoufack, Abdon Mewoli, Blaise Yepmou Mendouo og Serge Ambomo svo. Þeir höfðu allir lokið keppni á leikunum. - mþl

13% aukning á milli ára:

## Gistinóttum fjölgar mikið

**FERÐAMÁL Gistinóttum á hótelum í júní fjölgaði um 13 prósent miðað við sama tíma í fyrra. Alls voru þær 202.500 í ár, en 178.800 í fyrra, að því er kemur fram í gögnum Hagstofu Íslands. Með gistinóttum er átt við útleigu á herbergjum í eina nótt. Erlendir gestir eru 86 prósent þeirra sem gista á hótelum, en innlendum sem erlendum gestum fjölgaði um þrettán prósent.**

**Mest er fjölgunin á Austurlandi, eða nítján prósent, en á höfuðborgarsvæðinu nam hún 15 prósentum. Minnst var fjölgunin á Norðurlandi, eða fjögur prósent. - kóp**

Tvö dómaraembætti laus:

## Sjö vilja skipun í Hæstarétt

**STJÓRNSÝSLA** Alls bárust sjö umsóknir um tvö laus embætti hæstaréttardómara. Störfin voru auglýst laus til umsóknar í byrjun júlí en umsóknarfrestur rann út 1. ágúst síðastliðinn.

Um embættin sóttu Dr. Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor, Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari, Ása Ólafsdóttir lektor, Benedikt Bogason, settur hæstaréttardómari, Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður, Helgi I. Jónsson, settur hæstaréttardómari, og Ingveldur Þ. Einarsdóttir héraðsdómari.

Skipað verður í embættin frá og með 1. október næstkomandi. - mþl



# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Hinsegin dagar hafnir í Reykjavík:

# Litríka hátíðin gengin í garð

Hinsegin dagar eru runnir upp í Reykjavík í fjórtánda sinn. Hátíðin sem byrjaði sem eins dags hátíð er orðin að sex daga menningar- og skemmtidagskrá. Hápunkturinn er svo gleðigangan sjálf á laugardaginn.

Hinsegin dagar og þróun þeirra er til marks um þá grósku sem býr í samfélagi samkynhneigðra hér á landi. Raunar er ekki úr vegi að tengja þessa grósku við þann feiknalega árangur sem náðst hefur í baráttu samkynhneigðra hér á landi.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Árangurinn birtist ekki bara formlega, í því að Ísland hefur verið meðal fyrstu þjóða til að stíga skref að auknum lögformlegum réttindum samkynhneigðra; réttindum varðandi hjúskapar- og fjölskyldumál.

Hinn óáþreifanlegi árangur er ekki síðri. Samkynhneigðir voru hópur sem mætti hvarvetna fordómum fyrir fáeinum áratugum, svo að meðal þeirra fáu sem komu út úr skápnum var hátt hlutfall sem sá sig tilneytt til að flytja úr landi.

Nú er staðan orðin þannig að gleðigangan á Hinsegin dögum er meðal stærstu hátíða hvers sumars í miðbæ Reykjavíkur og að mati margra hin sanna þjóðhátíð vegna þeirrar merkingar sem þátttaka í henni hefur. Sá sem kemur niður í bæ í gleðigöngu er um leið að lýsa yfir stuðningi við baráttu samkynhneigðra og fagna góðum árangri í baráttunni.

Þorvaldur Kristinsson, sem starfað hefur að réttindamálum samkynhneigðra í áratugi, hlaut heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins fyrr á þessu ári. „Ég bjóst aldrei við að lifa þessa tíma og víst er ég þakklátur,“ sagði Þorvaldur í viðtali við Gunnþóru Gunnarsdóttur blaðamann í tilefni verðlaunanna. Að mati Þorvaldar var sýnileikinn lykilorðið í sókn samkynhneigðra. Hann benti á að almennt væri ekki gerð sú krafa til fólks að það tjáði sig um ástir sínar til að verjast ágangi heimsins en sú krafa hefði legið á samkynhneigðu fólki. „Það var hörð krafa en henni mættum við, því við trúðum því að það væri eina leiðin til að breyta lífi okkar,“ sagði Þorvaldur. Samkynhneigðir hafa þannig gefið mikið af sér í viðleitni sinni til að opna meirihlutanum sýn inn í líf sitt þannig að hann mætti skilja. Þetta örlæti ásamt gleðinni sem fylgt hefur samkynhneigðum hefur skilað verulegum árangri.

Enn eru þó verkefni sem blasa við. Réttindastaða transfólks hefur verið talsvert í umræðunni upp á síðkastið en þar er nokkuð í land til að við verði unað.

Að mati Þorvaldar er fræðsla fyrir börn og unglinga meðal verkefna sem þarf að sinna, „um margbreytileikann og rétt minnihlutahópa til að lifa verðugu lífi.“

Það er óskandi að fram haldi sem verið hefur í réttindagöngu samkynhneigðra, að gróskan, örlætið og gleðin verði áfram vopnið beitta í baráttunni.

Gleðilega Hinsegin daga.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

EIN SÚ VINSÆLASTA



TOSHIBA

Hagstætt verð fyrir 15,6“ fartölvu með Intel Pentium B950, 4GB minni og 500GB hörðum diski. Windows 7 Home Premium.

Toshiba C850-131

89.990

tl.is TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mun eldri áhyggjur

Líkt og greint var frá á þessum stað í gær hefur Jón Sigurðsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, töluverðar áhyggjur af stöðu flokksins undir formennsku Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Jón sagðist í Ríkisútvarpinu í gær hafa viðrað þessar áhyggjur fyrir einu og hálfu ári, í leiðara Fréttablaðsins um brú yfir miðjuna, en fengið bágt fyrir. Umræddur leiðari birtist reyndar í nóvember 2009, nokkrum mánuðum eftir kjör Sigmundar. Það er því ljóst að áhyggjur Jóns af formennsku Sigmundar eru mun eldri en hann vill vera láta.



### Miklir menn erum vér Hrólfur

Stórtíðindi voru tilkynnt eftir brekkusönginn á Þjóðhátíð í Eyjum. Tveir menn sem sátu í undirbúningsnefnd hátíðarhaldanna gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi starfa. Umgjörð tilkynningarinnar var slík að helst mátti búast við að gestir risu upp, steyttu hnefa og hrópuðu: „Nei, hingað og ekki lengra, þið getið ekki yfirgefið okkur!“

### Ekki fullt traust

Páll Scheving er annar þessara manna, en hann hefur verið formaður þjóðhátíðarnefndar undanfarin ár. Nú telur hann að hann njóti ekki trausts til áframhaldandi starfa á þeim vettvangi, þótt hann nefni ekki í hverju fólk vantreysti honum. Því verður að geta í eyðurnar og ætla að það sé vegna þeirra mála sem hann hefur helst rætt í tengslum við Þjóðhátíð; nauðganir og tregðu við að hleypa Stígamótum á hátíðina. Það verður að teljast sérkennileg prinsippafstaða að láta brjóta á.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þegar Hótel Ísland brann

Skipulagsmál

Guðfinna Guðmundsdóttir

miðborgarbúi



Ég man það eins og gerst hefði í gær. Það var í janúar 1944. Ég var rétt orðin tólf ára og fékk stöku sinnum leyfi til að fara í bæinn. Við bjuggum ofarlega á Njálsgötunni, við Barónsstíg. Fréttin hafði borist eins og eldur í sinu um Reykjavík – Hótel Ísland var að brenna. Daginn eftir fórum við saman eldri systir mín, vinkona hennar og ég til að sjá rústirnar og þær voru tilkomumiklar því hörkufrost var og því hafði vatnið sem notað var til slökkvistarfsins frosið í íshrönglа – allt í klakaböndum. Slökkvistarfið hafði einungis getað farið fram frá Austurstræti og Aðalstræti. Ekki gat slökkviliðið Reykjavíkurborgar athafnað sig í Vallarstræti eða Veltusundi því þar var allt of þröngt.

Sem krakki hafði ég aldrei þorað að fara inn í Veltusundið, hvað þá Vallarstrætið. Mér fannst þau dimm, köld og illa lyktandi. En einhvern veginn var eins og allt hefði breyst, allt var bjartara og opnara. Og nú fyrst sá ég fallega rauða húsið „Hótel Vík“, hús sem ég hafði einhverra hluta vegna ekki komið auga á í skugga sundsins.

Í sumar hefur mannlífið í borginni verið með litríkasta og skemmtilegasta móti. Á Ingólfstorgi hafa vegfarendur getað notið blíðunnar, sest niður og pantað sér kaffibolla. Allt opið og bjart. En fallega rauða húsið man fífil sinn fegurri og nú er umhverfi þess í uppnámi.

> Látum ekki skugga, kulda, myrkur og umferðarteppu einkenna dýrmætasta svæði Reykjavíkurborgar.

Afleit er sú hugmynd að byggja hús á Ingólfstorgi og endurvekja þröng sund og loka Hótel Vík inni á ný. Látum ekki skugga, kulda, myrkur og umferðarteppu einkenna dýrmætasta svæði Reykjavíkurborgar. Stöndum saman um að finna farsæla lausn fyrir alla og að svæðið sem markast af Austurvelli, Fógetagarði og Ingólfstorgi fái að vera opið, bjart og fallegt með gömlum húsum sem segja öll sína sögu.

Safnað er undirskriftum á www.ekki-hotel.is gegn því að rauða fallega húsið verði ofurliði borið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Tvískinnungur í ógöngum Hörpu

Stjórnsýsla

Hjörleifur Stefánsson
arkitekt



Nú er orðin heyrinkunn sú staðreynd að Harpa, hin nýja tónlistar- og ráðstefnuhöll, er rekin með fjögur hundruð milljóna króna halla og eru þó framlög úr opinberum sjóðum til hennar ærin.

Stjórnendur Hörpu hafa látið hafa það eftir sér að ástæðan sé sú að fasteignagjöld sé svo miklu hærri en ráð var fyrir gert í áætlunum þeirra. Þetta finnst þeim svívirða og hafa á orði að þeir muni lögsækja yfirvöld og krefjast leiðréttingar.

Ég kynntist undirbúningi að byggingu tónlistarhússins á meðan ég var verkefnisstjóri eins þeirra þriggja hópa sem gerðu tillögu að húsinu og tilboð í byggingu og rekstur þess. Ákveðin atriði í þeirri reynslu varpa ljósi á þá þessa skringilegu stöðu og öðrum þræði ber mér skylda til að greina frá þeim.

Fyrirtækið sem stóð að þeirri tillögu sem ég stjórnaði var nefnt Viðhöfn – það fannst okkur á þeim tíma smellið. Húsið átti að standa við höfnina og vera viðhafnarhús öðrum þræði. Þeir sem tóku þátt í samkeppninni áttu að skila tillöguteikningum að húsinu ásamt áætlunum um listræna stefnu og rekstur. Miðað var við hús af ákveðinni stærð og sýna þurfti fram á að rekstur hússins stæði undir sér miðað við árlegt framlag opinberra aðila sem þegar hafði verið ákveðið, þar með talin leigugjöld Sinfóníuhljómsveitarinnar.

> Hvernig má það vera að þeir hóti ríki og borg, eigendum hússins, lögsókn vegna eðlilegra fasteignagjalda sem endurspegla byggingarkostnað hússins. Af hverju láta eigendur hússins þetta viðgangast? Er það vegna þess að þeir eru meðsekir í vitleysunni?

Viðhöfn réð til sín einn af frægustu stjörnuarkitektum heims, Jean Nouvel, setti á fót sérfræðiteymi í rekstri listrænna viðburða og fékk þjónustu manna með afburða reynslu í gerð rekstraráætlana.

Arkitektinn gerði tillögu að frumlegri byggingu sem líktist meira náttúrulegum hól en hefðbundnu húsi. Húsið hafði skírskotun til íslenskrar híbýlahefðar þar sem byggingarefnið er jarðvegur og húsið verður landslag.

Verkfræðingar reiknuðu út að húsið yrði ekki dýrara en ráð hafði verið fyrir gert. Listrænu sérfræðingarnir og rekstrarfræðingarnir komust hins vegar að þeirri niðurstöðu að ógerlegt væri að sýna fram á að fjárhagsdæmið gengi upp.

Þetta olli áhyggjum. Við ræddum við forsvarsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en húsið var fyrst og fremst ætlað henni. Þá komumst við að raun um að Sinfóníuhljómsveitin hafði óskað eftir minni hljómleikasal en krafist var í samkeppnislýsingunni og ráðstefnuhluti hússins var ekki meginmarkmiðið.

Með þessa vitneskju í farteskinu hittum við forsvarsmenn Austurhafnar, þess fyrirtækis sem Reykjavíkurborg og ríkisvaldið höfðu stofnsett til þess að hrinda byggingaráformunum í framkvæmd. Þar greindum við frá því að okkur virtist sem fjárhagslegar forsendur verkefnisins væru rangar. Ekki væri líklegt að hægt væri að reka jafn stórt og dýrt hús án þess að til kæmi aukið framlag úr opinberum sjóðum. Við spurðum hvort okkur væri heimilt að gera tillögu að minna húsi – að miða við hljómleikasal af þeirri stærð sem Sinfóníuhljómsveit Íslands teldi viðunandi og minnka líka ráðstefnuhluta hússins.

Svar Austurhafnar var neitandi. Við yrðum að halda okkur við þær forsendur sem skilgreindar væru í keppnislýsingunni. Að öðrum kosti yrði tillaga okkar metin ógild.

Við þetta sat og Viðhöfn skilaði tillögu að stærra húsi en okkur þótti við hæfi og við hagræddum forsendum rekstraráætlunar gegn betri vitund þannig að þær sýndu að hægt væri að reka húsið með því framlagi hins opinbera sem ákveðið hafði verið.

Tillaga Viðhafnar var ekki valin, því miður. Þeir sem réðu ferðinni voru þeirrar skoðunar að æskilegra væri að byggja hús sem væri sem líkast því sem vænta mætti í stórborgum erlendis.

Valin var tillaga fyrirtækis sem bauðst til þess að veita meira fé til byggingarinnar en ráð hafði verið fyrir gert. Húsið breyttist á hönnunartímanum, það stækkaði og byggingarkostnaður þess varð miklu meiri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir í upphafi samkeppninnar.

Það liggur í augum uppi að hafi rekstrargrundvöllurinn verið hæpinn miðað við þann byggingarkostnað sem hafður var til hliðsjónar í upphafi, þá hlaut hann að verða fullkomlega ómögulegur eftir að byggingin var orðin miklu dýrari. Það hefur öllum viðkomandi verið ljóst frá upphafi en stjórnendur Hörpu hafa kosið að þegja um það þunnu hljóði og láta sem allt væri í stakasta lagi.

Til þess að „fegra“ ástandið er samin rekstraráætlun þar sem gert er ráð fyrir miklu, miklu lægri fasteignagjöldum en eðlilegt er. Svo þegar í ljós kemur hvernig staðan er, þá er því kennt um að fasteignagjöldin séu alltof há.

Allir, bókstaflega allir, sem að þessu máli koma, þ.e.a.s. stjórna rekstri Hörpu og allra þeirra félaga sem þar koma að verki auk fulltrúa ríkis og Reykjavíkur sem hafa með málið að gera, vita hvernig í pottinn er búið.

Allir voru samstiga í því að búa til blekkingaráætlun um framtíð Hörpu.

Hvað má af þessu læra? Hvernig getur svona lagað gerst – og það á vegum opinberra aðila?

Hvernig má það vera að flestir þeir sem stjórnuðu þessu verki eru enn við stjórnvölinn – eða er það ekki svo? Hvernig má það vera að þeir hóti ríki og borg, eigendum hússins, lögsókn vegna eðlilegra fasteignagjalda sem endurspegla byggingarkostnað hússins. Af hverju láta eigendur hússins þetta viðgangast? Er það vegna þess að þeir eru meðsekir í vitleysunni? Er það sanngjörn krafa að leigugjöld Sinfóníunnar verði hækkuð? Ráðamenn hennar vildu minna og ódýrara hús en að var stefnt en krafan nú er tilkomin vegna þess að byggt var enn þá stærra og miklu dýrara hús.

Er þetta flottræfilsháttur sem allir eru sáttir við?

Þeir sem ættu að svara spurningum af þessu tagi eru auðvitað mennta- og menningarmálaráðherra og borgarstjóri Reykjavíkur.

Harpa er þrátt fyrir alla glópskuna gott tónlistarhús og mjög mikilvæg fyrir menningarlíf okkar en hún er afsprengi tímaskeiðs þegar dómgreind ráðamanna var mjög brengluð og hún er vitnisburður um óráðvendni útrásartímabilsins margumtalaða. Nú þurfum við að horfast í augu við staðreyndirnar og hætta meðvirkni með þeim sem fífluðu okkur. Auðvitað eiga stjórnirnar allar að víkja og hæft fólk að koma í þeirra stað.

## AF NETINU

### Kreppuhvetjandi stjórnmálamaður



[...] Lilja Mósesdóttir hefur alltaf spáð illa. Spár hennar hafa aldrei ræst. Fáir ef nokkrir (nema ef vera skildi formaður Framsóknarflokksins) hafa haft jafn mikið rangt fyrir sér um efnahagsmál á Íslandi frá Hruni og Lilja. Hún gerir út á hörmungar og boðar reglulega váleg tíðindi sem aldrei rætast. Sem slík er hún kreppuhvetjandi stjórnmálamaður. Það er sem betur fer ekki mikil eftirspurn eftir þeim.

Eins og sést á fylgishruni Samstöðu í könnunum.

blogg.smugan.is/bvg/

**Björn Valur Gíslason**

### Vegaxlirnar eru vanræktar



Á stórum köflum þess hluta vegakerfisins þar sem umferðin er mest myndi það auka öryggi og afköst veganna mikið ef Vegagerðin lagfærði og héldi við vegöxlunum. Það er nú einu sinni staðreynd að til eru bílar í bílaflotanum sem ekki geta alls staðar haldið yfir 90 kílómetra hraða eða jafnvel enn meiri hraða sem ökumenn virðast oft á tíðum telja sig verða að halda sig á.

Þessi óþolinmóðu ökumenn reyna oft ævintýralegustu hluti til að komast fram úr öðrum, jafnvel á blindhæðum og þar sem eru tvöfaldar heilar línur.

Ef til dæmis væri gert myndarlegt átak til þess að gera axlirnar nokkurn veginn jafnbreiðar og sléttar sem lengstar vegalengdir gætu ökumenn nýtt sér þær betur til þess að hleypa fram úr sér umferð og auka þannig öryggi og afköst.

omarragnarsson.blog.is

**Ómar Ragnarsson**



# Evrópa unga fólksins er fyrir þig!

Æskulýðsstarf

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Nemi í tómstunda- og félagsmálafræði við HÍ og aðst.forstöðumaður í félagsmiðstöð



Evrópa unga fólksins eða EUF er styrkjaáætlun sem ætluð er ungu fólki á aldrinum 13-30 ára og þeim sem starfa með ungu fólki. EUF býður upp á sjö tegundir styrkja sem allir eiga það sameiginlegt að snúa að ungu fólki. Þessir sjö flokkar eru: ungmennaskipti, frumkvæði ungs fólks, lýðræðisverkefni, sjálfboðaliðastarf, þjálfun og samstarf, fundir ungs fólks og námskeið í Evrópu.

Ég hef tekið þátt í þremur námskeiðum sem ætluð voru fólki sem vinnur með ungu fólki og tekið þátt í tveimur ungmennaskiptum. Fyrsta námskeiðið sem ég fór á hét ATOQ og var haldið í Frakklandi. Námskeiðið var fyrir starfsfólk sem hafði haldið utan um ungmennaskipti og var kafað á dýptina um það hvernig hægt er að auka gæði ungmennaskipta. Á þessu námskeiði voru þjálfarar héðan og þaðan úr Evrópu og var námskeiðið frábær blanda af skemmtilegum æfingum, leikjum og fræðslu.

Næsta námskeið sem ég sótti hét How to Get in the Game og var það haldið í Berlín. Á þessu námskeiði voru saman komnir starfsmenn í æskulýðsgeiranum, ungir frumkvöðlar og ungir listamenn. Markmiðið með námskeiðinu var að leiða saman þessa þrjá ólíku hópa og finna út hvernig þeir gætu unnið saman. Hvað æskulýðsstarfsmaðurinn gat gert fyrir ungt skapandi fólk og öfugt. Þar lærði ég fjölbreyttar aðferðir um hvernig hægt er að beita frumkvöðla- og nýsköpunarstarfi í starfi með ungu fólki. En eins og áður kom fram styður EUF frumkvæðisverkefni ungs fólks og því góður vettvangur til að beita frumkvöðlastarfi í tómstundastarfi.

Þriðja námskeiðið sem ég fór á hét Eye Opener og fór það fram í Portúgal. Námskeiðið var hugsað fyrir starfsfólk í æskulýðsgeiranum og átti að bjóða með sér einu eða tveimur ungmennum. Þetta námskeið sneri að því hvernig maður á að skipuleggja ungmennaskipti og á sama tíma hámarka þátttöku ungmenna í verkefninu svo þau komi að öllum þáttum skipulagsins. Þetta námskeið var alveg frábært því þarna fékk unga fólkið reynslu af alþjóðlegu samstarfi, myndaði tengslanet og er strax byrjað að skipuleggja tvö ungmennaskiptaverkefni með alþjóðlegum samstarfsaðilum. Þetta auðveldar mjög leiðarvísastarfið sem starfsmaður í félagsmiðstöð á að vinna.

Eins og sjá má eru námskeiðin fjölbreytt og spennandi. Þess má einnig til gamans geta að það kostar 5.000 krónur að sækja námskeið á vegum EUF og innifalið í því er flug, lestarferðir, matur, gisting og námskeiðið sjálft. Slík kjör fyrirfinnast varla annars staðar.

Ég veit að ég mun halda áfram að nýta mér þessa frábæru áætlun. Ég mun halda áfram að sækja mér alþjóðlega menntun á sviði æskulýðsmála og stækka alþjóðlega tengslanetið mitt. Ég mun einnig halda áfram að sækja um styrki til að halda ungmennaskipti og lýðræðisverkefni með Ungmennaráði Seltjarnarness. Við stefnum bæði á að fá erlend ungmennaráð til landsins á næsta ári sem og að halda út til Búdapest í ungmennaskipti.

Ef þú hefur áhuga að nýta þér þetta frábæra tækifæri þá er hægt að nálgast allar upplýsingar um EUF á www.euf.is. EUF gefur einnig út fréttabréf sem inniheldur ávallt námskeið á vegum EUF sem hafa frátekin sæti fyrir Íslendinga. Einnig er hægt að finna erlenda samstarfsaðila og sjá yfirlit yfir öll þau verkefni og námskeið sem EUF býður upp á á síðunni http://www.salto-youth.net/. Ef fólk vill svo fá meiri upplýsingar er einfaldlega hægt á hringja niður á landsskrifstofu EUF en starfsfólkið þar eru allt að vilja gert til að aðstoða mann við allar tegundir verkefna.

Ég hvet því alla til að nýta sér þetta frábæra tækifæri sem Evrópa unga fólksins er. Hvort sem það er til að bæta við alþjóðlegri vídd í æskulýðsstarfið sem það starfar við eða til að sækja sér menntun á erlendri grundu.

NÝTT FRÁ MJÓLKURSAMSÖLUNNI




D-VÍTAMÍNBÆTT LÉTTMJÓLK

Stóran hluta ársins fá Íslendingar ekki nægilegt D-vítamín. Þess vegna fæst nú D-vítamínbætt léttmjólk. Í einu glasi er einn þriðji af ráðlögðum dagskammti. D-vítamín er nauðsynlegt fyrir vöxt og þroska beina og hjálpar okkur að takast á við daginn með bros á vör.

Í nýlegri rannsókn á mataræði 15 ára unglinga á vegum Rannsóknastofu í næringarfræði við HÍ og Landspítala kemur í ljós að innan við 5% stúlkna nær ráðlögðum dagskammti af D-vítamíni og innan við 10% drengja. Þegar litið er til þess að á yngri árum er beinmyndun í hámarki og þörf fyrir D-vítamín sérstaklega mikil þá er ljóst að bregðast þarf við.

D-vítamínbætt léttmjólk - eins og hollur sólargeisli :-D

MJÓLKURSAMSALAN

ENNEMM / SÍA / NM53669

# Áskorun til olíufélaganna

Neytendamál

Unnar Erlingsson

stuðningsmaður



ÓB kom með skemmtilega nýjung í markaðsherferð félagsins í upphafi Ólympíuleikanna í London og bauð afslátt til okkar ökumanna í takt við gengi íslenska handboltalandsliðsins á leikunum. Spennan í upphafi var helst hversu stór afslátturinn yrði eftir viðureignina við nýliða Bretlands sem lauk í gærkveldi. Niðurstaðan var sautján marka munur og í morgun buðu nærri öll olíufélögin upp á sama afslátt, sautján krónur af hverjum bensínlítra.

Nú þegar komið er í 8-liða úrslit er hver leikur úrslitaleikur og hver sigur risastór, hver sem markatalan verður.

Um leið og ég fagna því að svigrúm olíufélaganna virðist vera að aukast til að lækka bensínverð, þá skora ég á þau að heita á strákana okkar á meðan á átta liða úrslitum stendur, t.d. með tíu krónum af hverjum seldum bensínlítra í stað þess að veita okkur afslátt.

Sýnum stuðning í verki. Áfram Ísland!

# Don‘t drive offroad you might kill an elf

Ferðaþjónusta

Valdimar Örn Flyenring
sögumaður-



Ég sem aðili í ferðaþjónustu finn mig knúinn til að vekja máls á ákveðnu atriði er varðar greinina í heild.

Forsaga málsins er sú að á undanförnum mánuðum hefur átt sér stað á Alþingi hatrömm deila milli sérhagsmunahópa annars vegar og fjölhagsmunahópa hins vegar um eina stórkostlegustu auðlind nokkurrar þjóðar hér á þessari plánetu. Í siðuðum samfélögum manna ætti enginn að velkjast í vafa um eignarrétt þjóðarinnar yfir slíkri auðlind sama hvernig á málið væri litið. Og réttur hvers og eins einstaklings þjóðarinnar til að nýta sér þessa auðlind hlyti að vera hverjum heilvita manni augljós. Hvernig sá aðili færi svo með þann rétt er svo að sjálfsögðu ekki bara hans mál og yrði að vera í samræmi við það sem best þætti, kannski í algóðum heimi með tilliti til allra jarðarbúa. Það er því miður ljóst að ekki eru allir sammála þessu. Sumum finnst sem svo að þeir sem hafa í gegnum tíðina haft mesta hagsmuni af auðlindinni eigi áfram og ávallt að fá að njóta þess. Í skjóli þessa sjálftekna auðs, ásamt ýmsum klækjabrögðum í fyrirtækjarekstri, hafa svo þessir sjálfhverfu einstaklingar hlaðið í kringum sig já-mönnum af öllum stærðum og gerðum. Leikstýrt heilu fjöldamótmælunum, og jafnvel látið annálaða skipstjóranagla í sjónvarpsauglýsingu þykjast trúa því að þeir yrðu atvinnulausir og að öll fjölskyldan og jafnvel allt þorpið legðist í flækking og fyllirí ef þetta augljósa réttlætismál yrði látið fram ganga. En það er auðvitað eins trúverðugt og að sjö manna álfafjölskylda komist á þremur farmiðum til Eyja. Eða að karrýplöntur spretti af sjálfu sér upp úr öskunni í Surtsey.

Til þess að setja hlutina í samhengi finnst mér í beinu framhaldi eðlilegt í ljósi þess að nú sé ferðamennska að ná nýjum hæðum (skv. nýjustu tölum þriðja stærsta atvinnugreinin), að fara fram á að við, sem höfum starfað í þessari grein, byggt hana upp, tekið á okkur áföllin og horfum loks fram á bjartari daga, fáum úthlutað kvóta af ferðamönnum til samræmis við fjárfestingu okkar í greininni. Líka til þess að einhverjir vitleysingar á gamalli jeppadruslu fari nú ekki að ímynda sér neitt. Þessi kvóti yrði svo a.m.k. til 40 ára, eða bara til eilífðar og þegiði svo, og veðhæfur, svo hægt yrði að fara í nauðsynlega fjárfestingu í „greininni“, væri framseljanlegur, vildu menn slaka aðeins á, erfðist að sjálfsögðu, svo krakkarnir gætu þá rifist um eitthvað, og kæmi til skipta við skilnað, svo frúin lenti ekki í ruglinu. Við fengjum svo að sjálfsögðu hlutdeild í allri aukningu og að fela gróðann í erlendum dótturfyrirtækjum, enda kæmu tekjurnar þaðan (come on!). Við myndum neita að borga nokkurn skapaðan hlut til samfélagsins fyrir þennan kvóta, enda sýndi efnahagsreikningur innlenda hluta fyrirtækisins að það færi þá bara lóðrétt á hausinn. Neituðum svo að sjálfsögðu að afhenda opinberum rannsóknaraðilum gögn og lykilorð í tölvur varðandi rekstur fyrirtækjanna. Enda værum við alsaklausir af öllum grunuðum viðskiptaflléttum að okkar mati, eða þá til vara hafnir yfir lög. Hótuðum þjóðinni allri, og sérstaklega eldri leiðsögukonum á Dalvík öllu illu. Rækjum sjóræningjaferðaþjónustu í vanþróaðri heimsálfu án þess að nokkrum kæmi það við og – og – og …

Já, og við leituðum líka að öflugum stjórnmálaflokki eða -flokkum sem væru tilbúnir að tefja framgang allra annarra réttlætismála (s.s. skuldamála heimilanna og afnáms vísitölu) á Alþingi nema farið væri að okkar vilja. Auðvitað þættumst við/þeir samt hafa áhuga á „heimilunum“. Ekki verra ef einhverjir flokksmenn væru tengdir inn í greinina. Við værum einnig tilbúnir að fjárfesta í öflugu málgagni svo umræðan færi ekki út í einhverja vitleysu með það að meginmarkmiði að við kæmumst sem fyrst í meirihluta. Við fengjum einnig til liðs við okkur talsmann sem væri sérþjálfaður í að rugla almenning með ótrúlegu væli. Fyrir þetta allt saman værum við til í að greiða með peningum upp úr pípuhatti sem er ekki til. Rétt áður en við springum í loft upp með háum hvelli og skítafýlu úr hreinræktaðri, stjórnlausri og nautheimskri GRÆÐGISFREKJU sem er sennilega það ljótasta af öllu ljótu sem til er í skítlegu eðli mannsins. Og yrði landhreinsun af.

AF NETINU

## Heppna þjóðin

Fyrr á þessu ári heimsótti ég bróður minn í Kanada. Ég flaug til Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna og þar tók á móti mér landamæravörður sem skannaði fjölskylduna hátt og lágt, spurði okkur um tilgang ferðarinnar, dvalarstaði og undarleg eftirnöfn. Honum stökk ekki bros á vör og mér finnst svona athuganir alltaf örlítið óþægilegar. Hvað ef hann trúir okkur ekki eða er bara í vondu skapi? Loks spurði hann okkur um störf okkar. Ég sagðist vera þingmaður. Þá breyttist allt.

Þessi maður, sem var um það bil eini maðurinn í Bandaríkjunum sem ég átti orðastað við, hafði nefnilega heyrt af þessari þjóð úti í ballarhafi sem hafði lent í hruni og ákveðið í kjölfarið að breytinga væri þörf.

„Þið eruð að semja nýja stjórnarskrá með þátttöku fólksins! That´s awesome!“ Í ljós kom að hann vissi allt um stjórnlagaráð og þjóðfundinn, hafði bæði lesið um stjórnarskrárferlið í blöðum og séð af þessu í sjónvarpi. Og honum fannst þetta stórkostlegt og ljómaði allur. „Ég vildi að svona nokkuð gæti gerst hér, fólkið fengi eitthvað um málin að segja og það væri hlustað á það. Þið eruð heppin!“ sagði svo þessi útvörður Ameríku og bauð okkur velkomin.

Þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram um tillögur stjórnlagaráðs 20. október næstkomandi. Við erum heppin!

www.margrettryggva.is

Margrét Tryggvadóttir

SJÓÐANDI HEIT TILBOÐ



Keramik Helluborð ECT610AC
Snertihnappar
Sjálfvirkur suðubúnaður
Barnalæsing
Afl 6,5 kw
Verð áður 109.900,- kr
**Verð nú: 79.900,- kr**



Span Helluborð IT614ASC
Snertihnappar
Tímastillir
Sjálfvirkur suðubúnaður
Barnalæsing
Afl: 7,2 kw
Verð áður: 148.900,- kr
**Verð nú: 119.900,- kr**



Bakarofn BO7510AX
Flottur fjölkerfaofn með heitum blæstri
65 L Nýtanlegt rými
Snertiskjár
Kjöthitamælir
AquaClean létthreinsikerfi
Hraðhitun
Verð áður: 164.900,- kr
**Verð nú: 121.900,- kr**



5 ár
ábyrgð sem hentar þér

ÞAÐ GERIST VARLA BETRA!

Kælir/frystir RK61821X
Ryðfrítt stál
Hæð 180 sm
Orkuflokkur: A++
Nýtanlegt rými kælis: 230 L
Nýtanlegt rými í frysti: 92 L
FreshZone Skúffa
Verð áður: 169.900,- kr
**Verð nú: 134.900,- kr**

FÖÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

5 ÁRA ÁBYRGÐ
Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími: 4600 800
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020

RÖNNING

# tímamót

timamot@frettabladid.is



57 **SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR** söngkona á afmæli í dag.

*„Það er alveg ótrúlegt hvað maður man af öllum þessum smáatriðum sem fylgdu hverju lagi, allt það sem einkenndi okkur sem hljómsveit. Það þarf bara að ýta á rétta hnappinn.“*

UM SPILVERK ÞJÓÐANNA

## Afmæli



**MIKAEL TORFASON** rithöfundur er 38 ára í dag.



**HILDUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR** fjölmiðlakona er 56 ára.



**FINNUR INGÓLFSSON** fyrrverandi alþingismaður, er 58 ára.




†

Innilegar þakkir þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför

**SIGURÐAR SIGURÐSSONAR**
**Patreksfirði,**

sem andaðist 23. júní á Heilbrigðisstofnuninni á Patreksfirði.

**Ingveldur Hjartardóttir**
**Hjörtur Sigurðsson** **Sigríður Ólafsdóttir**
**Anna María Sigurðardóttir** **Björn Ágúst Jónsson**
**Ríkharð H. Sigurðsson**
**Sigurður Svanur Sigurðsson**
**og barnabörn.**





†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**DROPLAUG HELLAND**
**Vogatungu 13, Kópavogi,**

lést á heimili sínu mánudaginn 6. ágúst.

**Birgit Helland** **Hreinn Frímannsson**
**Arndís Inga Helland** **Óskar Þormóðsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**





†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**LEIFUR JÓNSSON**
**Burknavöllum 21, Hafnarfirði,**

lést á krabbameinsdeild LSH föstudaginn 27. júlí. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði fimmtudaginn 9. ágúst kl. 15.00.

**Svala Markúsdóttir**
**Markús B. Leifsson** **Karen Erna Ellertsdóttir**
**Egill Hrafn Markússon**
**Sonja Leifsdóttir** **Sveinn Ómar Kristinsson**
**Ragnhildur Laufey Sveinsdóttir**





†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHILDUR J. PÁLSDÓTTIR**
***Fróðengi 1, Reykjavík,***

lést á deild 11E á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 3. ágúst. Útför verður auglýst síðar.

**Hjörtur Ingi Vilhelmsson** **Vilborg Sigrún Ingvarsdóttir**
**Jóhanna Elísabet Vilhelmsdóttir** **Sigurjón Bolli Sigurjónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**





†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA LÚÐVÍKSDÓTTIR**
**fyrrverandi kennari,**
**Þúfubarði 2, Hafnarfirði,**

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

**Gunnar Geirsson** **Guðfinna Kristjánsdóttir**
**Lúðvík Geirsson** **Hanna Björk Lárusdóttir**
**Hörður Geirsson** **Jóhanna S. Ásgeirsdóttir**
**Ásdís Geirsdóttir** **Jón Páll Vignisson**
**Þórdís Geirsdóttir** **Guðbrandur Sigurbergsson**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



**NORRÆNN SÖNGUR** Þær Ólöf Björg Guðmundsdóttir, Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Sigríður Eyþórsdóttir og viðmælandinn Þórdís Sævarsdóttir klæddu sig í marglita boli kóramótsins ásamt norskum sjálfboðaliðum sem taka bæði þátt í undirbúningi og dagskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FYRSTA KÓRAMÓT NORBUSANG FYRIR 16 TIL 25 ÁRA: HEFST Í DAG Á ÍSLANDI

# Norrænir kórar frumflytja íslenskt tónverk í Hörpu

Fyrsta norræna kóramótið fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 25 ára á vegum Norbusang verður sett á Íslandi í kvöld. Norbusang eru regnhlífasamtök kórasamtaka á Norðurlöndunum og hafa haldið mót árlega frá árinu 1987 með þátttöku yngri kórmeðlima. Tónmenntakennarafélag Íslands (TKÍ) er afar stolt af því að vera fyrstu gestgjafar í þessari röð kóramóta og taka á móti hundrað manns á þessu móti sem markar tímamót í sögu Norbusang.

„Þetta er bara byrjunin. Svo verður haldið áfram að bæta í og gera enn betur. Þetta mun byggjast hægt upp en það er alveg ótrúlegur fjöldi fólks á þessum aldri í kór og ég held að hann aukist bara hvert ár. Þannig veit ég að þetta á eftir að byggjast upp og verða mjög fjölmennt eftir nokkur ár,“ segir Þórdís Sævarsdóttir, formaður TKÍ.

Fimm kórar frá Íslandi, Danmörku og Noregi sækja mótið ásamt sjálfboðaliðum frá Noregi og Svíþjóð, sem taka bæði þátt í undirbúningi og dagskrá. Mótið er byggt upp af tveimur vinnubúðum, æfingum, tónleikum í Neskirkju annað kvöld klukkan átta og lýkur með uppskerutónleikum í tónlistarhúsinu Hörpu næstkomandi sunnudag klukkan fimm síðdegis. Þar flytja kórarnir frumsamið verk eftir tónlistarmennina Þóru Marteinsdóttur og Gunnar Ben.

„Það er hressilegt verk á íslensku svo þetta verður áskorun fyrir norræna þátttakendur,“ segir Þórdís. Unnið verður í tveimur vinnubúðum; Rokkvinnubúðum og Spuna og hreyfingu. Eyþór Ingi Jónsson, organisti og kórstjóri á Akureyri, stýrir fyrrnefndri vinnustofu en spuninn verður undir stjórn Gísla Magnússonar, kórstjóra Léttsveitar Reykjavíkur, og Saga Sigurðardóttir semur dans við. „Þar verður spunnið út frá íslenskum lögum frá árunum 1950 til 1960,“ segir hún og bætir við að óvænt útkoma vinnunnar verði frumflutt í Norðurljósasal Hörpu.

Aðeins einn íslenskur kór frá Ísafirði tekur þátt í mótinu og segir Þórdís sumarfrí og ferðalög spila inn í dræma þátttöku Íslendinga. „Við héldum að það væri betra að halda mótið í fríinu og gíra sig upp fyrir veturinn en við vorum kannski nokkrum vikum of fljótar,“ segir hún, en með stjórn TKÍ hefur hún unnið af krafti að skipulagningu mótsins í sumar í samstarfi við Norbusang.

Ísland skipulagði kóramót Norbusang fyrir unga söngfugla árið 1996. „Þá var metaðsókn, komu um sex hundruð krakkar. Við lögðum allan Garðabæ undir okkur og árlega hafa íslenskir kórar farið út á þessi mót. Þar kynnast krakkarnir nágrönnum sínum og syngja samnorræna tónlist. Þeir sem hafa farið einu sinni hafa yfirleitt verið komnir með þetta í blóðið og vilja komast sem oftast.“

hallfridur@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 8. ÁGÚST 1963**

# Lestarránið mikla framið

Þennan dag árið 1963 var lestarránið mikla framið í Ledburn í Buckinghamshire þar sem rúmlega tveimur og hálfri milljón punda var stolið. Þetta var mesta rán í sögu Bretlands fram til ársins 2006.



Póstlest á leið frá Glasgow til London var stöðvuð á rauðu ljósi. Aðstoðarlestarstjórinn fór út til að athuga málið og sá þá að skorið hafði verið á símalínur og ljósunum hafði verið breytt. Ræningjarnir fengu lestarstjórann til að aka lestinni þangað sem ránsbílar biðu þeirra og peninganna. Engar byssur voru notaðar en lestarstjórinn sem ráðist var á var sleginn í höfuðið með járnröri og náði hann sér aldrei.

Ræningjarnir voru fimmtán talsins og höfuðpaurinn var maður að nafni Bruce Reynolds. Fyrsti ræninginn sem náðist af yfirvöldum var Roger Cordrey. Hann var handtekinn ásamt vini sínum sem hafði aðstoðað hann við að fela hluta af peningunum. Leigusali sagði til þeirra þegar þeir greiddu þrjá mánuði fyrir fram með reiðufé. Allt í allt náðust þrettán ræningjanna og voru þeir dæmdir í fangelsi árið 1964.




†

Móðir okkar,

**MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Hlaðbæ 14, Reykjavík,**

lést þriðjudaginn 31. júlí á Dvalarheimilinu Fellaskjóli, Grundarfirði. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd tengdabarna og barnabarna,**
**Anna Margrét Marísdóttir**
**Kristín Marísdóttir**
**Guðmundur Marísson**
**Guðrún Marísdóttir**
**Ólöf Hulda Marísdóttir**
**Kári Marísson**
**Katrín Marísdóttir**





†

Minningarathöfn um ástkæran eiginmann minn, föður, son, bróður, mág og barnabarn,

**GUÐBJÖRN KARLSSON**
**lækni,**

sem lést í Bandaríkjunum þann 29. febrúar síðastliðinn, verður í Bústaðakirkju mánudaginn 13. ágúst og hefst klukkan 13.

**Julia Woods Karlsson**
**Nika Guðbjörnsdóttir**
**Anya Guðbjörnsdóttir**
**Karl Ásmundsson** **Bergþóra Guðbjörnsdóttir**
**Karl Rúnar Karlsson** **Caitlin Dulac**
**Jóhann Ingi Karlsson**
**Ásmundur Bjarnason**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GEFA FÁTÆKUM

**Vakið hefur athygli ferðamanna á grísku eyjunni Krít að í matvöruverslunum er stór karfa við útganginn. Í hana getur fólk sett vöru sem síðan er gefin fátækum. Það er kirkjan sem deilir út vörunum. Karfan fyllist fljótt dag hvern.**


**Hugsaðu vel um fæturna**

**Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?**

Teg: „ Annapolis“ Fótlaga skór úr leðri með vönduðu innleggi.
Stærðir: 36 - 42 Verð: 28.900.-



Misty skor
Laugavegi 178

BIRKENSTOCK

Vertu vinur

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugard. 7. apríl

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >



Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara





Útsala
40-70% afsláttur

Selena

Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is



BRÚÐKAUPSGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum



iittala
10% afsláttur

Tékk KRISTALL
www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955




**VEL ÚTILÁTIÐ** „Texasborgarar er klassískur amerískur hamborgarastaður þar sem allt er vel útilátið,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. MYND/ERNIR

# ALLT ER STÓRT OG GOTT

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Mikið úrval ljúffengra hamborgara er í boði hjá Texashamborgurum. Nýjasti rétturinn er ekta amerísk steikarsamloka.*

Texasborgarar er einn heitasti hamborgarastaður borgarinnar enda rýkur úr öflugu grillinu alla daga. Steikarilmurinn berst út á Grandagarðinn þar sem staðurinn er til húsa, gegnt Sjóminjasafninu og við hlið Sjávarbarsins. Texasborgarar er klassískur amerískur hamborgarastaður þar sem allt er vel úti látið en verðið litlu hærra en í hverfissjoppunni. „Viðtökurnar hafa verið frábærar frá því við opnuðum í vor,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Hamborgararnir okkar eru heimagerðir úr 100% gæðahráefni án allra aukefna og fólk kann svo sannarlega að meta það. Svo eru þeir „extra large“, 140 grömm, þannig að enginn fer svangur út frá okkur.“

Texas-ostborgarinn er sá vinsælasti en úrvalið er mikið. „Þeir sem hafa prófað sækja mikið í ostafylltu borgarana með camembert, gráðosti eða cheddar,“ segir Magnús Ingi. „Við bjóðum líka upp á lambaborgara, laxaborgara, grænmetisborgara og lúxusborgara með beikoni og bernaise-sósu. Svo eru margir, ekki síst ferðamenn, spenntir að prófa hvalborgarann og hrefnusteikina.“

Nýjasti rétturinn á Texasborgurum er ekta amerísk steikarsamloka sem mikið er lagt í. Magnús Ingi lýsir því hvernig samlokan er gerð: „Í hana fer kryddmarinerað nautabrjóst, kallað briskit í Bandaríkjunum, sem við heitreykjum í tólf tíma og eldum lengi í ofni í sex tíma til viðbótar. Loks er vöðvinn sneiddur þunnt og kjötið ristað á pönnu. Það er svo borið fram eins og hamborgararnir í brauði með Texas-kryddsósu, jöklasalati, rauðlauk, tómötum og Texas-hamborgarasósu. Meðlætið eru franskar og laukhringir. Þetta er „the real thing“ og kostar bara 1.690 kr.“

Beikon er vinsælt í hamborgarana og á Texasborgurum er nú farið að bjóða upp á sælkeramatreiðslu á því „Við erum auðvitað með hefðbundið steikt beikon en byrjuðum nýlega með aðra útgáfu, ofnbakað með eins konar karamellubráð úr púðursykri og hnetum,“ segir Magnús Ingi og bætir við: „Þetta er mjög vinsælt í Bandaríkjunum enda hrikalega gott.“

Þótt flest sé stórt og mikið á Texasborgurum er staðurinn fjölskylduvænn. Boðið er upp á fjölskyldutilboð með afslætti og minni borgara fyrir börnin sem fá öll ís í eftirmat. „Þá vorum við að útbúa afsláttarkort þannig að fjórða hver máltíð er frí. Fastakúnnunum líkar það vel, enda fer þeim ört fjölgandi,“ segir Magnús Ingi. Texasborgarar eru bæði með vefsíðu (texasborgarar.is) og eru á Facebook.



**NAUTABRJÓST** Amerísk steikarsamloka úr kryddmaríneruðu nautabrjósti. MYND/ERNIR



**BEIKON** Texasborgari með ofnbökuðu beikoni með karamellubráð úr púðursykri og hnetum.


Blomberg

TILBOÐSDAGAR

15-30% AFSLÁTTUR

AF BLOMBERG HEIMILISTÆKJUM

Ofnar, helluborð, uppþvottavélar, kæliskápar og fleiri heimilistæki frá Blomberg á frábærum tilboðsverðum.

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# FERÐALAG Í ANDA INDIANA JONES

**FRÁ REYKJAVÍK TIL HÖFÐABORGAR** *Englendingurinn Gary Taylor er ferðalangur af lífi og sál og skipuleggur nú hópferð til Afríku. Ferðamátinn er frumlegur, en hópurinn mun ferðast á gömlum hertrukk, alla leið frá Reykjavík til Afríku.*

Hópurinn sem stefnir á að leggja land undir fót og ferðast frá Reykjavík til Höfðaborgar í Suður-Afríku kallar sig Vikings Across Africa. Ferðast verður á gömlum hertrukk en forsprakki ferðarinnar, Gary Taylor, hefur átt sér þennan draum lengi. Þetta er þó ekki fyrsta ferðin hans af þessu tagi: „Fyrir um það bil fimmtán árum fór ég í svipaða ferð frá Englandi. Þá keyrðum við alla leið til Afríku. Síðan þá hefur mig dreymt um að fara aftur og í þetta skiptið skipuleggja ferðina og keyra bílinn sjálfur.“

### ATVINNUFERÐALANGUR

Síðastliðin þrettán ár hefur Gary ferðast um heiminn og segist vera ferðalangur að atvinnu. Hann reynir að vera ekki lengur en hálft ár í hverju landi en hefur ílengst í Reykjavík í tæp þrjú ár. Tímanum hefur hann varið í skipulagningu Afríkureisunnar.

„Undanfarið hef ég verið að gera upp trukkinn. Ég vinn á kaffihúsi, yfirmaður minn verður líklega ekki ánægður að lesa þetta, en ég ver eins miklum tíma og ég get í tölvunni við að undirbúa ferðina, þegar lítið er að gera. Ég hef verið í sambandi við fólk þarna úti sem getur hjálpað okkur með gistingu og vegabréfsáritanir og fleira. Pappírsvinnan er í raun flóknasti hluti ferðarinnar.“

### SÉRÚTBÚINN TRUKKUR

Hópurinn mun ekki stunda sjálfboðavinnu á leiðinni heldur er markmiðið einfaldlega að komast alla leið. Flest fyrirtæki sem skipuleggja slíkar ferðir þurfa að láta ferja bílana hluta af leiðinni en hópurinn ætlar að reyna að komast hjálparlaust alla leið. „Okkar bíll er dálítið minni en þeir sem eru venjulega notaðir svo hann ætti að geta komist yfir slæmu vegina þarna úti, en vegirnir þarna eru virkilega slæmir,“ segir Gary.

Þetta er í fyrsta sinn sem ferð af þessu tagi er farin frá Reykjavík. „Við leggjum af stað í kringum 5. janúar. Við ökum suðurleiðina í átt að Seyðisfirði og stoppum á leiðinni. Þaðan tökum við Norrænu til Færeyja, verjum smá tíma þar og höldum svo áfram til Danmerkur. Þaðan ökum við yfir Þýskaland, Frakkland, Spán og yfir til Marokkó.“

### LEITA AÐ ÆVINTÝRAHUGUM

Hópurinn er ekki fullskipaður svo það er enn pláss fyrir fólk sem vill koma með. Það eru um það bil fimm komnir nú þegar en áætlað er að taka fimmtán manna hóp með. „Við erum alþjóðlegur hópur.




**GAMALL HERBÍLL** Í Kongó og Angóla er vegakerfið virkilega slæmt og þar er nauðsynlegt að vera á sérútbúnum trukkum til að komast leiðar sinnar. Bíllinn sem flytja mun hópinn yfir Afríku er gamall herbíll, hannaður til að komast hvert á land sem er. MYND/ERNIR

Sumir hefja ferðina á Íslandi en aðra sækjum við á leiðinni,“ útskýrir Gary og bætir við: „Þessi ferð er fyrir fólk með ævintýraþrá. Vissulega er hægt að fara til Taílands eða Ástralíu í hálft ár, en þar muntu bara hitta sænska ferðamenn og upplifunin verður aldrei eins og þessi. Við munum festast í leðju og þurfa að ýta trukknum til að losa hann. Við tjöldum flestar nætur og söfnum eldiviði til að elda mat yfir varðeldi. Þetta er Indíana Jones ferð – alvöru ævintýri.“

Hver sem er, eldri en 20 ára, getur komið með, svo lengi sem hann er í líkamlegu standi til þess. „Það gæti tekið tvo daga að komast á sjúkrahús ef eitthvað kemur upp á. Þetta þarf fólk að vera búið undir. Svo ef þú þarft að fara reglulega í læknisskoðun þá getur þú ekki komið með í þessa ferð.“ Gary bætir þó við að kærastan sín sé aðstoðarhjúkrunarfræðingur svo hún kann að bregðast við í neyð.

■ halla@365.is

**UPPLÝSINGAR**
***Hægt er að skoða upplýsingar um ferðina á heimasíðunni www.vikingsacrossafrica.webs.com eða á facebook.com/pages/vikings-across-africa.***




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427




FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
ÞÚSUNDIR MYNDBANDA
vísir - oft á dag

# SPJALD- OG FARTÖLVUR

MIÐVIKUDAGUR 8. ÁGÚST 2012

**Kynningarblað** Fartölvur, snertiskjáir, tæknilausnir, spjaldtölvur og óháð ráðgjöf








„Við getum óhikað veitt faglega og óháða ráðgjöf til viðskiptavina okkar varðandi tölvukaup," segir Bjarki Jóhannesson, framkvæmdastjóri verslanasviðs Omnis. MYNDIR/ERNIR

# Omnis fagnar tíu ára afmæli

Mikið úrval far- og spjaldtölva má finna í verslunum Omnis. Fyrirtækið býður upp á faglega og óháða ráðgjöf varðandi tölvukaup.

Upplýsingatæknifyrirtækið Omnis fagnar tíu ára afmæli í ár. Fyrirtækið hefur alla tíð lagt mikinn metnað í breitt úrval af fartölvum og segir Bjarki Jóhannesson, framkvæmdastjóri verslanasviðs, að öll helstu merkin fáist í verslunum þeirra. „Omnis býður upp á öll þekktustu merkin á markaðnum. Við getum óhikað veitt faglega og óháða ráðgjöf til viðskiptavina okkar varðandi tölvukaup þar sem við erum ekki að ýta einu vörumerki út umfram önnur. Við teljum okkur vera með sterkustu vélarnar á hverjum tíma og erum með gott úrval tölva í öllum verðflokkum fyrir ólíkar þarfir viðskiptavina okkar."




Omnis rekur fjórar verslanir og tölvuverkstæði, í Reykjavík og Reykjanesbæ, á Akranesi og í Borgarnesi. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Reykjavík þar sem einnig er rekin tækniþjónusta fyrir heimili og öflugt fyrirtækjasvið sem sinnir rekstri tölvukerfa hjá fjölmörgum fyrirtækjum á suðvesturhorni landsins.

## Verðvernd og hátt þjónustustig

Omnis leggur mikla áherslu á samkeppnishæf verð og sýnir þann hug í verki með því að bjóða viðskiptavinum verðvernd á tölvum. Fólk getur því verið visst um að fá tölvur á góðu verði. En það er ekki það eina. „Við leggjum okkur fram um að veita góða þjónustu," segir Bjarki. Sem dæmi um áherslu Omnis á þjónustu þá býður Omnis ókeypis árlega þjónustuskoðun fyrir tölvur sem keyptar eru hjá fyrirtækinu og boðið er upp á ókeypis heimsendingu hvert á land sem er.

Einnig býður fyrirtækið upp á sérstaka tæknisveit sem aðstoðar viðskiptavini í ýmsum tæknimálum heima fyrir. „Tæknisveitin okkar mætir heim til viðskiptavina, setur upp búnaðinn, sér um lagnavinnu, stafrænar lausnir og fleira." Bjarki segir algengustu verkefni Tæknisveitarinnar snúa að sjónvarpsmálum heima fyrir, að koma myndefni á fleiri sjónvörp, bæta merki á þráðlausu neti og setja upp nettengda heimahýsingu sem geymir miðlægt allt efni heimilisins.

## Spjaldtölvan hluti af tæknivæddu heimili

Auk fartölva býður Omnis upp á mikið úrval spjaldtölva, þá helst frá Apple og Samsung. „Við lítum á spjaldtölvur sem mikilvægan hluta af tæknivæðingu heimila. Til dæmis þegar kemur að nýtingu spjaldtölvu til að stýra hvernig þú streymir tónlistinni úr tölvunni.



Starfsmenn verslunar Omnis í Ármúla.



Reynslumiklir starfsmenn hjálpa viðskiptavinum við val á fartölvum.




Þekktustu vörumerkin fást í verslunum Omnis.



Omnis býður upp á breitt úrval af fartölvum.

Starfsmenn verslana okkar eru mjög færir í notkun spjaldtölva og erum við með ýmsar útfærslur uppsettar í verslunum okkar." Bjarki segir sölu á spjaldtölvum í ár hafa verið mjög góða og í raun hafi hún hafist af fullum krafti í fyrra.




Bjarki segir verslunina í Reykjavík einblína helst á tölvur, aukahluti í þær og tæknilausnir fyrir heimilið. „Þangað getur fólk komið og séð hvernig maður nýtir tæknina til að streyma myndefni og tónlist í sjónvörp og hljómflutningstæki. Starfsmenn okkar eru sérfræðingar í slíkum lausnum enda með mikla þekkingu og reynslu á þessu sviði. Tæknisveitin getur síðan séð um að setja þetta upp heima hjá fólki."

Allar frekari upplýsingar um vörur og þjónustu Omnis má finna á vefnum omnis.is, auk þess sem hægt er að fylgja Omnis eftir á Facebook á slóðinni www.facebook.com/omnis.is.



- Hagfræði og stærðfræði fjármálamarkaða
- Kostnaðar- og nytjagreining
- Rekstrarhagfræði D
- Stærðfræði D
- Þjóðhagfræði D

### RAUNVÍSINDADEILD

- Hagnýt línuleg tölfræðilíkön

### GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

- Sálgæslufræði: Sálgæsla í fjölskyldum
- Sálgæslufræði: Sálgæsla og tólf spora leiðin
- Trúarleg stef í bókmenntum

### LÆKNADEILD

- Almenn tölfræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema
- Almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema

### HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

- Hugtakaþróun í heilbrigðisvísindum
- Klínískt námskeið í geðhjúkrun II

### VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

- Afleiður og áhættustýring
- Alþjóðaviðskipti
- Alþjóðlegur skattaréttur
- Eignastýring og verðlagning
- Endurskoðun - I.hluti
- Endurskoðun - III.hluti
- Fjárhagsupplýsingakerfi
- Fjármála- og eiginfjárgerningar
- Fjármuna- og félagaréttur
- Fjármögnun fyrirtækja
- Forysta og leiðtoginn
- Greining ársreikninga
- Inngangur að rekstri
- Mannauðsstjórnun
- Markaðsáherslur og markaðshneigð
- Samkeppnishæfni
- Samskipti á vinnumarkaði
- Skipulag og atferli
- Stefnumiðuð markaðsfærsla
- Stjórnun og forysta
- Stjórnunar- og eftirlitskerfi
- Viðskiptasiðfræði
- Þættir í eigindlegri aðferðarfræði
- Þættir í tölfræði

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is



**HJÓN** Natalie Portman og Benjamin Millepied gengu í hjónaband í innilegri athöfn að gyðingasið á laugardaginn. Home Alone-stjarnan Macaulay Culkin var á meðal gesta.

# HLÉDRÆG OG KRÚTTLEG ATHÖFN VIÐ SÓLARLAG

**Natalie Portman gekk í hjónaband með sínum heittelskaða, Benjamin Millepied, við sólarlag í Kaliforníu á laugardaginn.**

Það verður sífellt vinsælla meðal ríka og fræga fólksins að gifta sig á einkaheimilum eða afskekktum stöðum og litlar og nánar athafnir virðast vera í tísku um þessar mundir. Það var því ekki við öðru að búast af brúðkaupi hinnar hlédrægu Natalie Portman, 31 árs, og franska dansarans Benjamins Millepied, 35 ára, en að það yrði allt hið innilegasta og krúttlegasta. Athöfnin var að gyðingasið og haldin á einkaheimili í Big Sur í Kaliforníu við sólarlag. Um 100 gestir voru viðstaddir, þar á meðal veldispían Ivanka Trump og barnastjarnan Macaulay Culkin sem hefur verið góður vinur Portman í mörg ár.

Natalie var klædd í krúttlegan hvítan kjól sem þótti mjög í hennar anda. Hann var einfaldur í sniðum og hlutlaus, náði henni rétt niður fyrir hné og var með gegnsæjum síðum ermum. Við kjólinn var hún í hvítum flatbotna tátiljum, með slegið hár, slör og blómakrans.

Maturinn í brúðkaupinu vakti mikla athygli en hann var allur í samræmi við mataræði Portman sem borðar engar dýraafurðir. Til dæmis var engin hefðbundin brúðarterta á boðstólum heldur franskar smákökur sem innihéldu engin röng hráefni.

Natalie og Benjamin kynntust við gerð myndarinnar Black Swan árið 2009 þar sem hann var danshöfundur og hún fór með aðalhlutverkið og hlaut Óskarsverðlaun fyrir. Þau eiga eitt barn saman, soninn Aleph sem er 14 mánaða.

tinnaros@frettabladid.is

Tónlist ★★★★☆

**Önnur Mósebók**

Moses Hightower




**Records Records**

## Flott framhald

Hljómsveitin Moses Hightower vakti verðskuldaða athygli með fyrstu plötunni sinni Búum til börn sem kom út fyrir tveimur árum. Tónlistin á henni var blanda af mjúkri og grúví sálartónlist og íslensku gæðapoppi. Svipuð lýsing getur vel átt við nýju plötuna, Aðra Mósebók. Á henni halda þeir félagar áfram að þróa þetta sérstaka poppafbrigði. Sem fyrr eru áhrifin frá sálartónlistinni augljós og sem fyrr gera vel skrifaðir textar á íslensku mikið fyrir heildarútkomuna. Áhrifin koma þó víðar að á nýju plötunni. Þetta er heilsteypt og flott plata. Það eru tíu lög á henni. Meirihluti þeirra er í þessum hæga og svala stíl sem einkennir lagið Stutt skref, sem hefur notið mikilla vinsælda undanfarnar vikur. Annars staðar er brugðið út af, t.d. í hinu kaflaskipta Margt á manninn lagt og í hinu fönkaða Góður I.

Þó að Önnur Mósebók sé engin bylting frá síðustu plötu þá eru meðlimir Moses Hightower ekkert að hjakka í sama farinu. Þeir hafa lagt mikið í lagasmíðar og útsetningar. Platan hefur sterkt yfirbragð og rennur vel í gegn þegar maður spilar hana frá upphafi til enda, en hvert lag hefur sín sérkenni. Það er erfitt að taka einhver sérstök lög út sem bestu lögin.

Önnur Mósebók er mjög jafngóð, en fyrrnefnd Stutt skref og Margt á manninn lagt, auk lagsins Inn um gluggann eru í uppáhaldi. Fjöldi gesta kemur við sögu á plötunni, slagverksleikarar, blásarar og bakraddasöngvarar, en flottar raddútsetningar eru eitt af einkennum plötunnar.

Á heildina litið er Önnur Mósebók fyrirtaks plata. Maður var búinn að velta því fyrir sér hvaða leið hljómsveitin færi eftir hina frábæru Búum til börn og sú leið sem varð fyrir valinu, að þróa sérstaka poppblöndu fyrri plötunnar áfram, hefur skilað fínni útkomu.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Önnur Mósebók gefur snilldarplötunni Búum til börn ekkert eftir.

# Fékk hrós frá forsetanum

Barack Obama er einn af þeim er heilluðust af frammistöðu Anne Hathaway í kvikmyndinni The Dark Knight Rises. Hathaway fer með hlutverk Kattarkonunnar í myndinni.

„Leikur hennar var tilkomumikill. Ég fékk tækifæri til að sjá kvikmyndina og frammistaða hennar stóð upp úr. Það er mín persónulega skoðun," sagði Obama þegar hann var viðstaddur samkomu á heimili Harveys Weinstein á mánudag.

Aðrir hafa einnig dásamað Hathaway fyrir leik hennar og ekki er útilokað að hún verði tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðuna.



**DÁSÖMUÐ** Anne Hathaway fékk hrós frá Barack Obama fyrir leik sinn í The Dark Knight Rises. NORDICPHOTOS/GETTY


SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | kl. 4:30-5:30-6-8-9-10 -10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES VIP | kl. 6 - 10 | 2D | VIP |
| MAGIC MIKE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 3:40 | 3D | L |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dark Knight Rises | kl. 7 - 10:20 | 2D | 12 |
| LOL | kl. 6 | 2D | 12 |
| Dream House | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| TOTAL RECALL | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | kl. 3 - 5:50 - 6:10 - 8 - 9:20 - 10 - 11:10 | 2D | 12 |
| TED | kl. 7:30 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 3:20 - 5 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 ísl. Tali | kl. 3 - 3:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | kl. 5:30-6-9-10 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| TOTAL RECALL | kl. 8 | 2D | 12 |
| THE DARK KNIGHT RISES | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| TOTALL RECALL | KL. 5.20 - 8 - 9 - 10.35 | 12 |
| TOTALL RECALL LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL. 3.45 - 5.50 | L |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.45 - 5.50 | L |
| TED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| TOTAL RECALL | KL. 6 - 9 | 12 |
| KILLER JOE | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.5.50 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 6 - 9 | 10 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| KILLER JOE | KL. 8 - 10 | 16 |
| ÍSÖLD 3D | KL. 5.50 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| TOTAL RECALL | 8, 10.20 | 12 |
| KILLER JOE | 8, 10.20 | 16 |
| INTOUCHABLES | 3.50, 5, 6, 8, 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 4 - 3D | 4, 6 | L |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**MIÐVIKUDAGUR:** **TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **HRAFNHILDUR** 18:00, 20:00 ■ **STARS ABOVE** 20:00 ■ RED LIGHTS 22:00 ■ BERNIE 17:50 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

**15. ÁGÚST: ELLES (ÞEIR) með Juliette Binoche**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# Tískufrumkvöðull látinn

Ítalski tískublaðamaðurinn og frumkvöðullinn Anna Piaggi er látin 81 árs að aldri. Piaggi setti sinn svip á tískuheiminn en hún var með reglulega pistla og tískuþætti í ítalska Vogue og Vanity Fair. Einnig var Piaggi daglegur gestur á götutískubloggum úti um allan heim þar sem fatastíll hennar þótti einstaklega frumlegur og litríkur. Hún var mikill aðdáandi breska fatahönnuðarins Vivianne Westwood og bar yfirleitt skrautleg höfuðföt frá Prudence Millinery.

Piaggi var einnig þekkt fyrir gríðarmikið fatasafn en árið 2006 taldi Victoria & Albert safnið í London saman fatnað Piaggi sem samanstóð þá af 2865 kjólum og 265 pörum af skóm.



**SJÓNARSVIPTIR AÐ PIAGGI** Anna Piaggi tískufrumkvöðull er látin 81 árs að aldri. GETTY/NORDICPHOTOS

# Robert talar í beinni

Sjarmörinn raunamæddi, Robert Pattinson, hefur boðað komu sína í ameríska þáttinn Good Morning America á miðvikudaginn í næstu viku, 15. ágúst.

Viðtalið er hluti af kynningarherferð vegna nýjustu myndar Roberts, Cosmopolis. Þetta verður þó í fyrsta skipti sem hann tjáir sig opinberlega eftir að upp komst um framhjáhald kærustu hans, Kristen Stewart, með Rupert Sanders leikstjóra hennar úr myndinni Snow White and the Huntsman. Það er því viðbúið að spurningar um hans persónulegu hagi komi til með að laumast inn í viðtalið sem verður sýnt í beinni útsendingu.

Eflaust munu fjöldamargir horfa á þáttinn, en aðdáendur Pattinson hafa beðið með öndina í hálsinum eftir að heyra frá honum eftir að upp komst um framhjáhaldið. Fyrir helgi spurðist það út að hann væri loksins farinn að svara örvæntingarfullum skilaboðum Kristenar en nokkrum dögum seinna birtust fréttir þess efnis að hann væri sturlaður úr reiði yfir því að hún hefði flutt inn á heimili Giovanni Agnelli, framleiðenda og vinar síns.



**OPNAR SIG** Pattinson verður í Good Morning America í næstu viku.



**Í SORG** Breski tónlistarmaðurinn Gary Barlow biður um frið fyrir fjölskylduna til að takast á við sorgina eftir að barn hans fæddist andvana um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fæddist andvana

**Söngvarinn Gary Barlow er harmi sleginn eftir að barn hans fæddist andvana um helgina. Breski tónlistarmaðurinn gaf út yfirlýsingu ásamt eiginkonu sinni Dawn þar sem þau óskuðu eftir friði og ró til að takast á við sorgina. „Dawn og ég erum sorgmædd yfir að segja frá því að við misstum barnið okkar. Poppy Barlow fæddist andvana þann 4. ágúst í London, eftir átta og hálfs mánaðar meðgöngu. Við ætlum að einbeita okkur að því að halda fallega jarðarför og biðjum um frið á þessum erfiðu tímum.“**

**Barlow og eiginkona hans eiga þrjú börn fyrir.**

# Á erfitt með frægðina

Zach Galifianakis viðurkennir að hann eigi í flóknu tilfinningasambandi við skemmtanaiðnaðinn sem hann segist elska og hata á víxl. Galifianakis fer með annað aðalhlutverkið í gamanmyndinni The Campaign þar sem hann leikur mann í framboði.

„Ég á í ástar-haturssambandi við skemmtanabransann í heild sinni. Ég er svolítið eins og barn, ég vil leika í kvikmyndum en ég kann ekki við það að vera þekkt andlit. Ég var hamingjusamastur þegar ég var gamanleikari sem enginn þekkti,“ sagði leikarinn í nýlegu viðtali. „Lífið var ekki eins flókið áður. Þá var ég ekki eltur inn á almenningsklósett af fjórtán ára unglingum.“



**FLÓKIÐ SAMBAND** Zach Galifianakis á í flóknu tilfinningasambandi við Hollywood. NORDICPHOTOS/GETTY



HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND | Álfheimar 74 414 4000 hreyfing@hreyfing.is www.hreyfing.is

# sport

sport@frettabladid.is



**HELGI MÁR MAGNÚSSON** hefur verið ráðinn spilandi þjálfari meistaraflokks karla í körfuknattleik hjá KR næstu tvö árin. Helgi Már, sem er á 30. aldursári, hefur spilað sem atvinnumaður í Svíþjóð undanfarin ár, en hann varð Íslandsmeistari með KR árið 2009. Gunnar Sverrisson, sem þjálfaði karlalið ÍR síðustu tvö ár, verður aðstoðarþjálfari liðsins.

# Var búin að safna lengi fyrir þessu

**Ásdís Hjálmsdóttir tryggði sér sæti í úrslitum spjótkasti kvenna á Ólympíuleikunum í gær með stórbættu og glæsilegu nýju Íslandsmeti strax í fyrsta kasti í undanúrslitum. Úrslitakeppnin er annað kvöld.**

**ÓL 2012** Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir varð í gær fjórða íslenska frjálsíþróttakonan sem kemst í lokaúrslit Ólympíuleika í sinni grein.

Ásdís náði áttunda lengsta kastinu í undankeppninni á Ólympíuleikvanginum í London í gær er hún kastaði spjótinu 62,77 m og stórbætti um leið þriggja ára gamalt Íslandsmet sitt. Bætingin var upp á 1,4 metra og þurfti Ásdís ekki nema eina tilraun þar sem öll köst yfir 62 metra þýða að viðkomandi kemst sjálfkrafa áfram.

### Hvergi nærri södd

„Draumurinn er orðinn að veruleika. Ég komst í úrslit á Ólympíuleikum en ég er hvergi nærri södd. Ég er ekki búin," sagði hún eftir keppnina í gær. „Nú sé ég að allur undirbúningurinn minn og allt sem ég hef gert síðustu daga virkar vel. Ég mun gera það sama aftur fyrir úrslitin og kem vonandi fílefld til leiks."

Alls tóku 42 þátt í undankeppninni í gær en aðeins tólf náðu að kasta yfir 60 metra sem er einmitt sá fjöldi sem komst áfram í úrslitin. Ásdís mun keppa við alla bestu spjótkastara heims á fimmtudaginn – nema Evrópumeistarann sem féll afar óvænt úr leik í gær.

„Það sýnir bara að það getur allt gerst. Maður þarf á smá heppni að halda og ég var búin að safna lengi fyrir þessu með allri minni óheppni í gegnum tíðina. Ég hef átt inni fyrir þessu kasti ansi lengi," segir hún og brosir.

### Gagnrýnd fyrir að keppa í Peking

Ásdís keppti á leikunum í Peking fyrir fjórum árum en var þá langt frá sínu besta. Ástæðan var sú að hún meiddist skömmu fyrir mótið.

„Ég heyrði gagnrýni um það að ég hefði keppt þá en við sjáum nú að sú reynsla borgaði sig. Ég var þó búin að labba inn á völlinn og upplifa stemninguna á Ólympíuleikum áður. Nú var mun auðveldara að einbeita sér enda allt annað að gera þetta í annað skipti." Ásdís segir að það hafi verið ætlun sín að vera afslöppuð í fyrsta kasti sínu í keppninni.

„Ég ætlaði ekki að „negla" bara á það, hlaupa atrennuna of hratt eða neitt slíkt. Ég ætlaði bara að taka því rólega, hugsa um tæknina og kasta vel. Það er yfirleitt þannig sem ég næ mínum lengstu köstum."

Hún getur ekki annað en brosað að spurningu blaðamanns um hvort hún eigi enn meira inni fyrir fimmtudaginn. „Ég vona það – ég er ekki búin. Ég er bara rétt að byrja."

> Draumurinn er orðinn að veruleika. Ég komst í úrslit á Ólympíuleikum.
>
> **ÁSDÍS HJÁLMSDÓTTIR**
> FRJÁLSÍÞRÓTTAKONA

### Andlega hliðin sterk

Íris Grönfeldt er fyrir utan Ásdísi eina íslenska konan sem hefur keppt í spjótkasti á Ólympíuleikum en hún komst ekki áfram í úrslit þegar hún keppti á leikunum 1984 og 1988.

Vala Flosadóttir (stangarstökk, brons) og Guðrún Arnardóttir (400m grindahlaup, 7. sæti) urðu fyrstu íslensku frjálsíþróttakonurnar sem komust áfram í úrslit í sínum greinum í Sydney árið 2000 og Þórey Edda Elísdóttir (stangarstökk, 5. sæti) lék það eftir í Aþenu fjórum árum síðar.

Þórey Edda er nú flokksstjóri íslenska frjálsíþróttafólksins í London og lofaði frammistöðu Ásdísar.

„Sagan segir okkur að það er einstakur árangur að setja landsmet strax í fyrsta kasti í undankeppninni. Það hefur ekki gerst oft áður," sagði hún brosandi eftir keppnina í gær.

„Hún Ásdís er einfaldlega í hrikalega góðu formi og á þetta innilega skilið. Hún náði að undirbúa sig mjög vel og hefur einnig unnið mikið með sálfræðingi. Andlega hliðin er því sterk og munar oft um það."

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Valgarður Gíslason**





fjalla um ÓL 2012

eirikur@frettabladid.is - valli@frettabladid.is



**GLEÐISTÖKK** Ásdís fagnaði gríðarlega þegar hún sá að spjótið lenti réttu megin við 62 metra línuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Nýtti sér athyglina sem Bolt fékk

Rétt áður en Ásdís kastaði á Ólympíuleikvanginum í London í gær voru keppendur í fyrsta riðli undanrása í 200 m hlaupi karla kynntir til leiks. Meðal þeirra var Jamaíkumaðurinn Usain Bolt og eins og gefur að skilja var honum fagnað mjög af þeim áttatíu þúsund áhorfendum sem voru á leikvanginum í gær.

Ásdís var þó ekki að velta því fyrir sér og naut þess að heyra lætin í kringum sig. „Þetta voru mikil læti og ég notfærði mér það. Ég vissi samt ekkert hvað var að gerast enda ekki að hugsa um neitt annað en sjálfa mig, spjótið og brautina. Ég útilokaði allt annað," sagði hún.

Úrslitin í spjótkasti kvenna hefjast klukkan 20.00 annað kvöld en aðeins fimm mínútum áður fara fram úrslitin í 200 m hlaupi karla – þar sem áðurnefndur Usain Bolt verður væntanlega meðal þátttakenda.



**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** Spilar sinn hundraðasta leik á stórmótum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólafur og Guðjón Valur:

## Yfir þúsund mörk saman

**HANDBOLTI Ólafur Stefánsson og Guðjón Valur Sigurðsson hafa nú hvor um sig skorað samtals 504 mörk á stórmótum með íslenska handboltalandsliðinu eða saman yfir þúsund mörk.**

**Ólafur hefur lengi verið með góða forystu í markaskorun Íslendinga á HM, EM og ÓL en Guðjón Valur hefur hægt og rólega unnið upp forskot hans. Nú er svo komið að Guðjón, markahæsti leikmaður riðlakeppni Ólympíuleikanna í London, er búinn að ná fyrirliðanum.**

**Ólafur er búinn að skora mörkin sín 504 í 106 leikjum á 16 stórmótum og er því með 4,8 mörk að meðaltali í leik á stórmótum.**

**Guðjón Valur mun spila sinn hundraðasta leik á stórmótum í kvöld og hefur gert mörkin sín 504 í 99 leikjum á fimmtán stórmótum. Guðjón Valur varð fyrstur Íslendinga til að skora yfir hundrað mörk á HM (198), EM (195) og ÓL (111) en Ólaf vantar enn sjö mörk til að ná að brjóta hundrað marka múrinn á leikunum.**

- óój

### Íslendingar á ÓL 2012

**MIÐVIKUDAGINN 8. ÁGÚST**

**10.00: Handbolti karla - 8 liða úrslit**
**Ísland - Ungverjaland**



BURSTAR í vélsópa á lager

- flestar stærðir

AFLVÉLAR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

Ísland mætir Ungverjalandi í fjórðungsúrslitum í handboltakeppni karla á Ólympíuleikunum í London í dag:

# Hugarfar leikmanna verður ekki til vandræða

**ÓL 2012** Strákarnir okkar mæta í dag Ungverjalandi í átta liða úrslitum handboltakeppninnar á Ólympíuleikunum í London og óhætt er að segja að um einn mikilvægasta landsleik síðustu ára sé að ræða.

Það lið sem vinnur leikinn í dag fær tækifæri til að spila um verðlaun á leikunum en tapliðið þarf að halda tómhent heim á leið. Ísland mætir til leiks sem sigurlið A-riðils en Ungverjar enduðu í fjórða sæti B-riðils eftir að hafa tapað þremur af fimm leikjum sínum í riðlakeppninni.

„Ungverjar eru með mjög sterkt lið með hávaxna og sterka leikmenn, sérstaklega í vörninni. Skytturnar Laslo Nagy og Lajos Mocsai eru báðir stórhættulegir og hið sama má segja um Gabor Csaszar leikstjórnanda og línumanninn Szabolcs Zubai. Þeir sýndu í öllum sínum leikjum að þeir geta verið mjög öflugir. Danir rétt svo mörðu þá og segir það töluvert um þeirra styrk," sagði Guðmundur við Fréttablaðið í gær.



**SÁTTUR EFTIR SIGURINN Á FRÖKKUM** Guðmundur Guðmundsson fagnar vonandi einnig eftir leikinn við Ungverja í London í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„En það sem mestu skiptir er að við náum að spila okkar leik. Varnarleikurinn okkar þarf að virka og í sókninni þurfum við að vera skynsamir. Menn þurfa að hreyfa sig mikið og láta boltann ganga. Okkur hefur gengið vel hingað til og við þurfum að byggja á því."

Leikmenn Íslands hafa sagt reglulega í viðtölum við fjölmiðla hingað til að leikurinn þann 8. ágúst sé sá sem þeir hafi verið með í huga í allt sumar.

„Nú erum við komnir í nýtt mót. Við erum í 8-liða úrslitum þar sem leikirnir snúast um líf eða dauða. Það er ekki vafi í mínum huga um að allir leikmenn séu tilbúnir í þetta verkefni. Hugarfar leikmanna verður okkur ekki til vandræða í þessum leik," sagði Guðmundur.

Handboltakeppnin færist nú úr Koparhöllinni og yfir í körfuboltahöllina sem er talsvert stærri.

„Það hefur verið frábær stemning á leikjunum til þessa og ég á ekki von á öðru en að hún verði bara betri í stærri höll. Það verða tólf þúsund manns í höllinni og við erum undir það búnir að Ungverjar muni fá öflugan stuðning sinna áhorfenda."

Leikurinn hefst klukkan 11.00 að staðartíma og segir Guðmundur að það sé áskorun að spila svo snemma dags, enda séu leikmenn óvanir því. „Við spiluðum okkar fyrstu leiki hér að morgni til og við þurfum bara að laga okkur að þessu. Enda fórum við snemma á fætur í dag [í gær] til að fara á æfingu og við munum fara enn fyrr á fætur á morgun [í dag]."

- esá

# FRÁBÆR KAUP FRÁ

# EPSON






**Epson EBX11**

**109.990**

## HÁGÆÐA SKJÁVARPI

**Vandaður skjávarpi sem er okkar bestu kaup. Hentar frábærlega í skóla eða fundarherbergi. Skjávarpinn er lítill og meðfærilegur og auðveldur í uppsetningu.**

**Langur líftími peru**
Peran lifir í 5.000 klukkustundir ef skjávarpinn er stilltur á eco stillinguna.

**Mjög notendavænn**
Auðveldur í uppsetningu og með USB 3 í 1, sem þýðir að aðeins þarf einn kapal fyrir hljóð, mynd og stýringu.

**Hágæða myndgæði**
Epson 3LCD örgjörvinn tryggir náttúrulega og góða liti. 2.600 lumens tryggir bjarta mynd og 3000:1 skerpa gerir myndina mjög skarpa og góða.

**Valmöguleiki**
Hægt er að bæta við USB myndavél og varpa upp myndum úr t.d. kennslubókum með einföldum hætti.

3-in-1 USB display | 2600 lm | PC free | XGA | kg 2.3

No.1 SINCE 2001 EPSON WORLD LEADER IN PROJECTORS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

EPSON®
EXCEED YOUR VISION

**> Stöð 2 kl. 20.35**
**Up All Night**

***Bráðskemmtileg gamanþáttaröð um hjónakornin Chris og Reagan Brinkley sem eru nýbakaðir foreldrar og búin að komast að því að það er ekki eins auðvelt og þau héldu að vera með ungabarn. Í þætti kvöldsins fá þau mikinn áhuga á nýju og flottu nágrönnunum.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON HRÍFST AF VARAFORSETA**

## *Goðsagnir leika pólitíska afglapa*

Síðar í þessum mánuði mun Stöð 2 hefja sýningar á bandarísku þáttunum Veep. Þeir fjalla um hina verulega sjálfhverfu og vanhæfu Selinu Meyer sem verður varaforseti Bandaríkjanna. Selinu tekst að raða ótrúlegu magni af lélegum starfsmönnum í kringum sig sem á einhvern hátt tekst að gera allt sem þeir gera illa, með viðeigandi áhrifum á hinn sífellt minna vinsæla varaforseta.



Þættirnir byggja á hinum stórgóðu bresku þáttum „In the Thick of It“ án þess þó að vera einhvers konar endurgerð. Sögusviðið er fært algjörlega inn í bandarískar aðstæður en hrá myndatakan, gálgahúmorinn og gríðarlegt magn af blótsyrðum er látið halda sér. Auk þess sér maður augljósar skírskotanir í Söruh Palin í aðalpersónunni, þó sú uppdiktaða virki mun heilsteyptari og vitsmunalegri en fyrirmyndin. Það sem gerir þættina er frábært leikaraval. Goðsögnin Julia Louis-Dreyfus nær sér í fyrsta sinn almennilega á strik frá því hún lagði hina ódauðlegu Elaine á hilluna við lok Seinfeld-þáttanna, Tony Hale leikur aðstoðarmann hennar eins og aðeins meira sjálfbjarga útgáfu af Buster úr „Arrested Development“ og Anna Chlumsky, sem hefur varla sést síðan hún lék Vödu Sultenfuss í „My Girl“ árið 1991, virkar fáránlega vel sem klaufalegur starfsmannastjóri.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Húslestrar á Listahátíð 2012 - Opið innbrot **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Seiðandi söngrödd **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Forboðnar sögur **19.40** Sumarsnakk **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Þrítugasta kynslóðin **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Blúsarar á færibandi **23.05** Veraldarvit **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**09.00 ÓL2012: Frjálsar íþróttir**
**12.40 ÓL2012: Róður**
**15.15 ÓL2012: Körfubolti**
**17.00 ÓL2012: Frjálsar íþróttir**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Fréttir og veður**
**18.20 ÓL2012 - Frjálsar íþróttir**
**21.05 Víkingalottó**
**21.10 Læknamiðstöðin** (5:22) (Private Practice V) Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Veðurfréttir**
**22.30 Hrein og bein - Sögur úr íslensku samfélagi** Í myndinni segir ungt samkynhneigt fólk frá reynslu sinni af því að koma út úr skápnum. Handrit: Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Þorvaldur Kristinsson.
**23.30 Tvífari Agöthu** (1:2) (Agathe contre Agathe) Sagnfræðineminn Agatha er að fara að gifta sig en líf hennar fer allt úr skorðum eftir að ung kona sem líkist henni mjög finnst drukknuð í Signu. Agatha er sökuð um morðið en hér er eitthvað dularfullt á seyði sem tengist rannsóknum hennar í náminu og áhrifamiklu leynifélagi. Leikstjóri er Thierry Binisti og meðal leikenda eru Cécile Bois, François Vincentelli og Constance Dollé. Frönsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum.
**01.00 Fréttir**
**01.25 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 Fame**
**10.00 Leap Year**
**12.00 Ævintýraferðin**
**14.00 Fame**
**16.00 Leap Year**
**18.00 Ævintýraferðin**
**20.00 Jesse Stone: Thin Ice**
**22.00 My Blueberry Nights**
**00.00 Stoned**
**02.00 Saw III**
**04.00 My Blueberry Nights**
**06.00 Couple's Retreat**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.50 Malcolm in the Middle** (11:25)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (118:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Community** (5:25)
**11.25 Better Of Ted** (3:13)
**11.50 Grey's Anatomy** (10:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (19:24)
**13.25 Borgarilmur** (1:8)
**14.00 The Glee Project** (10:11)
**14.45 Týnda kynslóðin** (7:32)
**15.15 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (9:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpson-fjölskyldan**
**19.45 Arrested Development 3** (12:13)
**20.10 2 Broke Girls** (14:24)
**20.35 Up All Night** (2:24) Stórskemmtilegir gamanþættir með þeim Christinu Applegate og Will Arnett (Arrested Developement) í hlutverkum nýbakaðra foreldra.
**21.00 Drop Dead Diva** (10:13)
**21.45 True Blood** (3:12)
**22.40 The Listener** (2:13) Dulmagnaðir spennuþættir um ungan mann sem nýtir skyggnigáfu sína til góðs í starfi sínu sem sjúkraflutningamaður.
**23.20 The Closer** (13:21)
**00.05 Fringe** (7:22)
**00.50 Southland** (2:6)
**01.35 The Good Guys** (15:20)
**02.20 Chase** (17:18)
**03.05 Undercovers** (1:13)
**03.50 2 Broke Girls** (14:24)
**04.10 Up All Night** (2:24)
**04.35 Drop Dead Diva** (10:13)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**18.35 Tvöfaldur skolli**
**19.15 Community Shield 2012 - Preview Show** Hitað upp fyrir leikinn um Samfélagsskjöldinn þar sem meistararnir mæta bikarmeisturunum. Að þessu sinni eru það Manchester City og Chelsea sem mætast á Villa Park í Birmingham.
**19.45 Pepsi-deild kk: Stjarnan - Keflavík** BEINT
**22.00 Pepsi-mörkin**
**23.10 Man. Utd. - Barcelona**
**00.55 Pepsi deild kk: Stjarnan - Keflavík**
**02.45 Pepsi-mörkin**

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Community Shield 2012 - Preview Show**
**17.50 Man. Utd. - Barcelona** BEINT
**20.00 Man. City - QPR 13.05.12**
**20.30 Newcastle - Liverpool**
**22.15 Man. Utd. - Barcelona**
**00.00 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea, 1997**

### 2 EXTRA

**18.40 Doctors** (6:175)
**19.25 American Dad** (14:18)
**19.50 The Cleveland Show** (1:21)
**20.15 Masterchef USA** (11:20)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Two and a Half Men** (24:24)
**22.10 The Big Bang Theory** (15:24)
**22.35 How I Met Your Mother** (18:24)
**23.00 Bones** (6:13)
**23.45 Girls** (9:10)
**00.15 Weeds** (3:13)
**00.45 The Daily Show: Global Edition** (25:41)
**01.20 American Dad** (14:18)
**01.45 The Cleveland Show** (1:21)
**02.10 Doctors** (6:175)
**02.55 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.05 Real Housewives of Orange County** (14:17) (e)
**16.50 Design Star** (6:9) (e)
**17.40 Rachael Ray**
**18.25 How To Look Good Naked** (7:12) (e)
**19.15 America's Funniest Home Videos** (32:48) (e)
**19.40 Mad Love** (7:13) (e)
**20.05 Will & Grace** (14:24) (e)
**20.30 Seven Deadly Sins** (2:2) Hér er á ferð seinni hlutinn af Seven Deadly Sins sem fjallar um unga stúlku í Grace í Kaliforníu. Aðalpersónan er skvísan Harper Grace sem elskar að vera miðpunktur athyglinnar og gerir hvað sem er til að halda sér í sviðsljósinu. Harper nýtur þess að haga sér illa og það má segja að dauðasyndirnar sjö, öfund, stolt, heift, græðgi, ágirnd og losti séu hennar lífsmottó.
**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (10:16) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um störf rannsóknarlögreglu og saksóknara í New York. Hrottalegt morð er framið sem líkist verki raðmorðingja sem er búið að aflífa. Lögreglan hyggur því hvort hún hafi látið aflífa saklausan mann eða hvort að um eftirhermu raðmorðingjans sé að ræða.
**22.45 Jimmy Kimmel** (e)
**23.30 Rookie Blue** (4:13) (e)
**00.20 CSI** (3:22) (e)
**01.10 Royal Pains** (14:18) (e)
**01.55 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** World Golf Championship 2012 (3:4) **12.10** Golfing World **13.00** World Golf Championship 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** The Memorial Tournament 2012 (4:4) **21.35** Inside the PGA Tour (32:45) **22.00** Golfing World **22.50** Champions Tour - Highlights (14:25) **23.45** ESPN America

### N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

### BBC entertainment

**06.10** ‚Allo ‚Allo! **06.55** My Family **07.55** The Inspector Lynley Mysteries **09.30** Deal or No Deal **10.05** EastEnders **10.40** Extreme Makeover: Home Edition **11.25** QI **12.25** ‚Allo ‚Allo! **13.50** My Family **14.50** Top Gear **15.40** QI **16.40** Extreme Makeover: Home Edition **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** The Graham Norton Show **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.30** Live at the Apollo **22.14** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.40** The Thick of It **23.09** QI

### DR 1

**06.15** Garfield **06.25** SommerSummarum **07.30** OL 2012 **08.00** OL 2012 **09.40** OL 2012 **09.50** OL 2012 **12.00** OL 2012 **12.40** OL 2012 **12.50** OL 2012 **14.45** OL 2012 **15.30** OL 2012 **16.30** TV Avisen **17.00** OL 2012 **18.00** Spise med Price **18.30** Søren Ryge præsenterer **19.00** TV Avisen **19.30** Hammerslag **20.00** OL 2012 **21.00** Onsdags Lotto **21.05** Månen over Carolina **22.35** Damages **23.15** Damages **00.00** Arvingen til Glenbogle **04.00** Noddy **04.10** Sprutte-Patruljen **04.25** Kære Sebastian **04.50** Olivia

### NRK 1

**07.00** OL morgen **08.00** OL i London **09.00** OL i London **10.00** NRK nyheter **10.05** OL i London **11.30** OL i London **13.00** NRK nyheter **13.05** OL i London **13.25** OL i London **15.00** NRK nyheter **15.10** OL i dag **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** OL i London **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** OL-studio med Anne Rimmen **18.00** OL i London **20.30** OL i London **20.55** Vikinglotto **21.00** Kveldsnytt **21.15** London by night **22.00** OL i London **23.00** OL i London **00.15** OL i London

### svt1

**07.30** OS Magasin. London Live **08.00** OS i London **11.00** OS i London **13.00** OS i London **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** OS i London **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** OS i London **20.55** OS Magasin. London Live **21.55** OS i London **23.00** OS i London **03.30** OS i London **04.00** Rapport **04.05** Regionala nyheter **04.25** Gomorron Sverige

### ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Veiðivaktinn

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


60 GERÐIR AF FARTÖLVUM

TOSHIBA ASUS acer




Toshiba Satellite L850-1CX

129.990




15,6"

tl.is

TÖLVU LISTINN

INTEL CORE i5 IVY BRIDGE

Frábært verð vegna hagstæðra innkaupa. Mjög öflug vél með nýjustu kynslóð af Intel Core i5 3210M örgjörvanum og bættri skjástýringu með Intel HD4000 og DirectX11. 4GB 1600MHz DD3 minni sem er stækkanlegt í 16GB, 640 GB harður diskur, 2x USB 3 tengi og HDMI til að tengja við sjónvarp og hljómtæki.

HAGKVÆM INTEL CORE i3

Öflugur 2,3GHz Intel Core i3 örgjörvi og stór 640GB harður diskur. 15,6" LED skjár með 1366x768 upplausn og innbyggðri 1mp HD myndavél. USB 3 og HDMI tengi. Windows 7 Home Premium.

Toshiba SAT C855-1FG

109.990

SUÐURLANDSBRAUT 26, REYKJAVÍK - GLERÁRGÖTU 30, AKUREYRI - KAUPVANGI 6, EGILSSTÖÐUM - KEFLAVÍK AUSTURVEGI 34, SELFOSSI - REYKJAVÍKURVEGI 66, HAFNARFIRÐI



Á STÓRTÓNLEIKUM Í HÖRPU
~HINIR EINU SÖNNU~
STUÐMENN
Með allt á hreinu
FÖSTUDAGINN 5. OKT.
HLJÓMSVEIT ALLRA LANDSMANNA & HJARÐMENN HINS HOLDLEGA KRAFTS KOMA SAMAN EFTIR LANGT HLÉ – MEÐ ALLT Á HREINU!
Í ÁR ERU LIÐIN 30 ÁR FRÁ GERÐ KVIKMYNDARINNAR ÁSTSÆLU. STUÐMENN FLYTJA BESTU LÖG SÍNS YFIRGRIPSMIKLA OG EINSTÆÐA FERILS FYRIR HLÉ – Í BLAND VIÐ SPENNANDI NÝTT EFNI. TÓNLEIKARNIR EFTIR HLÉ VERÐA ALFARIÐ HELGAÐIR „MEÐ ALLT Á HREINU".
SÉRSTAKIR GESTIR KOMA VIÐ SÖGU AUK NOKKURRA ÞJÓÐÞEKKTRA LEIKARA. MISSIÐ EKKI AF EINSTÆÐUM TÓNLISTARVIÐBURÐI!
MIÐASALA HEFST Á MIDI.IS OG Í HÖRPU FÖSTUDAGINN 10. ÁGÚST KL. 10:00. MIÐAVERÐ FRÁ KR. 3.900.

SUMARSMELLURINN



„Sumarsmellurinn minn í ár er Sweetheart með M. Ward því þetta er svo fallegt lag fyrir mig og ástina mína.“

Benni Valsson ljósmyndari

# Graffa fyrir bakarí og verkstæði

„Okkur finnst prentaðir vínyldúkar ljótir og viljum hafa karakter í lógóum. Við handmálum því auglýsingar og skilti fyrir fólk,“ segir Björn Loki Björnsson, nemi í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands, sem ásamt hópi ungra listamanna hefur ferðast um landið undanfarinn mánuð og graffað og málað veggskreytingar fyrir ýmsa aðila. Þjóðhátíðargestir hafa eflaust séð gamaldags auglýsingu á Vilbergbakarí í Vestmannaeyjum en hópurinn málaði hana á föstudaginn.

„Við ætlum að reyna að stofna Skiltamálun Viðars ehf. á næsta ári,“ segir hann spenntur. Sami hópur málaði mynd eftir grafíska hönnuðinn Siggu Eggerts utan á Hönnunarmiðstöð Íslands í vor, aðra mynd á Óðinstorgi og graffaði á nokkra bíla nýju bílaleigunnar Kúkúcampers.

Ferðalagið hefur gengið vonum framar og hafa þeir fengið fjölda fyrirspurna. „Við byrjuðum á Eistnaflugi í Neskaupstað þar sem við máluðum merki og myndir af bakarísmat fyrir kaffihúsið Nesbæ. Þaðan fórum við á Lunga á Seyðisfirði og gerðum stórt merki á Herðubreið, félagsheimilið þar,“ segir hann.

Hópurinn málaði fyrir Sláturhúsið, menningarsetur Egilsstaða, og stórt lógó og veggskreytingu á 3600 fermetra stúdíó á Stöðvarfirði, sem áður var frystihús, meðal annarra verkefna. „Við erum hugsanlega að fara að skreyta hótel á Ólafsfirði með handmáluðum auglýsingum á næstunni,“ segir hann en á næstu dögum fara þeir norður til Akureyrar og graffa fyrir bílaverkstæðið Ásco.

En hvað er skemmtilegast? „Þegar maður fær frjálsar hendur og getur gert það sem mann langar en fengið borgaðan efniskostnað,“ segir hann og bætir við að ferðalagið sé allt fest á filmu. - hþt



**HANDMÁLA LÓGÓ** Björn Loki hefur ásamt fimm til átta drengja hópi ferðast um landið og handmálað eða graffað skilti og auglýsingar fyrir ýmsa aðila. Eftirfarandi skreyting prýðir nú vegg stúdíós á Stöðvarfirði.


Nytjamarkaður

á Eyjarslóð 7 út á Granda.

Opið alla virka daga kl. 13-18.

Sækjum húsgögnum á fimmtudögum Sími 858 59 08

Komið og gerið góð kaup. Styrkið gott málefni!

HJÁLPRÆÐISHERINN

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins haldin miðvikudaginn 15. ágúst kl. 16.00 á skrifstofu félagsins Fákafeni 9, 108 Reykavík.

Dagskrá aðalfundar
Venjuleg aðalfundarstörf.

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is




FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

ÞÚSUNDIR MYNDBANDA

vísir - oft á dag




**TEAM HASSELHOFF** Arna situr hér í strandvarðarstólnum og er umvafin drullugum liðsfélögum sínum í Team Hasselhoff sem sigraði í kvennadeild Mýrarboltamótsins á Ísafirði í ár. MYND/HAJO VON HÄFEN

ARNA SIGRÍÐUR: LÍFINU ER EKKI LOKIÐ ÞÓ MAÐUR SÉ Í HJÓLASTÓL

# Strandvörður í hjólastól í sigurliði mýrarboltans

„Auðvitað langar mann alltaf ógeðslega mikið að fara inn á völlinn og spila með, en stemningin í liðinu okkar er svo rosalega góð og mikið sprellað og haft gaman svo það er alveg þvílíkt skemmtilegt hjá okkur utan vallar líka,“ segir hin 22 ára gamla Arna Sigríður Albertsdóttir, fyrirliði Team Hasselhoff sem sigraði í kvennadeild mýrarboltans á Ísafirði í ár.

Arna Sigríður lenti í skíðaslysi í Noregi í desember 2006 og hlaut þar mænuskaða frá brjósthrygg og niður. Hún er bundin í hjólastól eftir slysið og gat því ekki tekið þátt í drulluslagnum sjálfum en var mætt á hliðarlínuna í öllum leikjum liðsins um helgina og hvatti sínar stelpur til dáða. „Stelpurnar hjálpuðu mér um, en það er auðvitað allt í drullu og frekar erfitt að komast um svæðið þegar maður er í hjólastól,“ segir Arna, en hún leiddi lið sitt til sigurs í þrjátíu og fjögurra liða kvennadeild mótsins. Team Hasselhoff er skipað 23 stúlkum sem í grunninn er vinkonuhópurinn hennar frá Ísafirði. Eins og nafnið gefur til kynna var Baywatch-þema hjá stelpunum í ár og voru þær íklæddar sundbolum og jökkum eins og þekkjast vel úr þáttunum sívinsælu. „Við létum smíða strandvarðarstól og fengum pabba einnar til að leika Hasselhoff. Stóllinn átti upphaflega að vera fyrir hann en svo kom upp sú hugmynd að ég færi upp í hann á meðan leikirnir væru og það var algjör snilld. Þetta var eiginlega í fyrsta skipti sem ég sá mýrarboltaleik því ég er venjulega svo lágt niðri í hjólastólnum að ég sé mjög takmarkað,“ segir Arna sem hafði sjálf prófað að spila mýrarbolta fyrir slysið. „Jói Bæring, aðalritari Mýrarboltafélagsins, var að þjálfa mig á skíðum og hann fór einu sinni með okkur á þrekæfingu í mýrarboltann, svo ég þekki aðeins hvernig þetta er,“ segir hún. Hún segir engan vafa á að Team Hasselhoff muni mæta aftur að ári til að verja titilinn. „Það dettur engum í hug að fara á Þjóðhátíð eða neitt annað núna, það er bara mýrarboltinn hér eftir,“ segir hún og hlær.

Arna Sigríður lætur meiðsl sín alls ekki stoppa sig og segir lífinu síður en svo lokið þó maður sé fastur í hjólastól. „Ég er til dæmis að æfa mig fyrir Reykjavíkurmaraþonið núna 18. ágúst,“ segir hún en hún er þegar búin að fara eitt hálfmaraþon í sumar, á handahjóli.

tinnaros@frettabladid.is

# Hefð að enda á Queen-lagi

Hljómsveitin In Siren fagnar útgáfu plötunnar In Between Dreams á Gamla Gauknum í kvöld. Hljómsveitin hefur gert það að hefð að ljúka tónleikum sínum á Queen-laginu The Prophet‘s Song, en lagið er rúmar átta mínútur að lengd.

„Þetta þróaðist bara svona hjá okkur. Maður er oft klappaður upp á tónleikum og þá þarf maður lag sem hægt er að grípa í. Þetta lag varð fyrir valinu og varð síðan að hefð,“ segir Ragnar Ólafsson, söngvari sveitarinnar, og bætir við að lagið sé í miklu uppáhaldi hjá meðlimum In Siren. „Þetta er frekar þungt rokklag og á margan hátt óvenjulegt fyrir Queen og á það til að gleymast þegar menn líta yfir feril hljómsveitarinnar.“

In Siren leikur svokallað framúrstefnulegt rokk, eða progg eins og það er gjarnan kallað, í anda Trúbrots, Þursaflokksins og bresku sveitarinnar Yes. Ragnar segir tónlistina flókna og tæknilega krefjandi og að það þýði lítið að mæta illa æfður á tónleika. „Gítarleikarinn okkar býr í London og hann hefur verið að æfa sig í fjóra tíma á dag síðustu tíu daga til að æfa lögin upp aftur. Maður þarf að vanda vel til verka, æfa sig vel og vera allsgáður á sviðinu,“ segir hann að lokum.



**FRAMÚRSTEFNULEGIR** Hljómsveitin In Siren heldur útgáfutónleika í kvöld. Hún hefur gert það að hefð að ljúka tónleikum á laginu The Prophet‘s Song með Queen.

Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og er aðgangseyrir 1.000 krónur. Áhugasamir geta einnig sótt útgáfu In Siren á The Prophet‘s Song frítt á bandcamp-síðu sveitarinnar. - sm

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM

# ÚTSALA

## 30% aukaafsláttur
## af öllum vörum

**Fótboltaskór barna**
(v6.10 Hr jr - stærðir. 28-38)
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.
Útsöluverð:
**2.793 kr.**

**Puma golfskór – dömu**
(Jigg Wn´s)
Verð: 29.990 kr.
Outlet-verð: 19.990 kr.
Útsöluverð:
**13.993 kr.**

**Puma herrabolir**
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: 2.990 kr.
Útsöluverð:
**2.093 kr.**

**Puma hlaupajakkar**
Verð: 17.990 kr.
Outlet-verð: 6.990 kr.
Útsöluverð:
**4.893 kr.**

**Puma krakkaskór**
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.
Útsöluverð:
**2.793 kr.**

**Speedo stelpusundföt**
(stærðir 116 – 176)
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.
Útsöluverð:
**2.793 kr.**

**Speedo sundbuxur**
(stæðir S – XL)
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.
Útsöluverð:
**2.793 kr.**

**Puma ungbarnagallar**
(stærðir 68 – 104)
Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: 6.990 kr.
Útsöluverð:
**4.893 kr.**

**Puma hettupeysa junior**
(stærðir 128-164)
Verð: 10.990 kr.
Outlet-verð: 6.990 kr.
Útsöluverð:
**4.893 kr.**

**Speedo bikini**
(Mirale 2 pce)
Verð: 9990 kr.
Outlet-verð: 2.490 kr.
Útsöluverð:
**1.743 kr.**

**Puma strigaskór**
(First round stæðir 36-42)
Verð: 15.990 kr.
Outlet-verð: 4.990 kr.
Útsöluverð:
**3.493 kr.**

PUMA®
speedo

## aðeins í nokkra daga

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17

Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti






# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stiller vill fá Íslendinga

Fyrirsætufyrirtækið Eskimo-Casting á Íslandi leitar nú logandi ljósi að íslensku sjósunds- og þríþrautarfólki fyrir hönd kvikmyndafyrirtækisins Fox Studios. Ástæðan er hlutverk í kvikmyndinni The Secret Life of Walter Mitty, sem er í leikstjórn Hollywoodleikarans og -leikstjórans **Bens Stiller.** Myndin verður tekin upp á Íslandi í september næstkomandi og samkvæmt auglýsingu Eskimo-Casting er leikreynslu ekki krafist fyrir hlutverkið. Eins og kunnugt er hefur Stiller dvalist hér á landi undanfarið vegna myndarinnar og var duglegur að stunda skemmtanalífið. Í viðtali við sjónvarpsmanninn Jay Leno lýsti leikarinn Íslendingum sem fallegu fólki og sagðist hafa líkað dvölin á klakanum vel.



### Barnalán Jakobs

Stuðmanninum **Jakobi Frímanni Magnússyni** og Birnu Rún Gísladóttur fæddist lítil stúlka í byrjun vikunnar. Jakob greinir frá gleðitíðindunum á Facebook-síðu sinni þar sem hann segir móður og barni heilsast vel. Fyrir á parið dótturina Jarúnu Júlíu. Barnalánið ætlar engan enda að taka hjá Jakobi en dóttir hans og Ragnhildar Gísladóttur, söngkonan Bryndís, eignaðist nýverið sitt annað barn en hún er búsett í Danmörku. Fjölskyldan fer því ört stækkandi hjá Jakobi sem fagnar sextugsafmæli sínu á næsta ári.

**- sv, áp**



## Mest lesið vísir

1. Crowe ekki hrifinn af brennivíni
2. Íslendingar eru hæstir á ÓL
3. Hrafnhildur úr landi eftir frumsýningu á mynd …
4. Hjónin Brynjar og Arnfríður sækja um stöðu …
5. Hljóp að vígamanni með bitlausum hníf





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

ARGH!!! 200712

